

»DAGSKRÁIN

FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

2731

Fimmtudagur 14. desember 2023

56. árgangur



Gleðileg jól



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

SIGRÍÐAR ÓFEIGS ÞORGEIRSDÓTTUR
Vallholti 31,
Selfossi.



Sérstakar þakkir til starfsfólks legudeildar HSU fyrir einstaka umönnun og hlýju.

Óttar Gunnlaugsson
Sigurlaug S. Smart Jim Smart
Bryndís Sumarliðadóttir Kristinn Ásmundsson
Anna Óttarsdóttir
Gunnlaugur Óttarsson Guðbjörg Emma Ingólfssdóttir
barnabörn og barnabarnabörn

Fór allt úr böndunum og endaði með nýrri verslun

Hjónin Atli Lillindahl og Alda Ólafsdóttir opnuðu nýverið verslunina Made in Ísland að Austurvegi 44 á Selfossi, þar sem veitingastaðurinn Local var áður til húsa. Atli er innfæddur Selfyssingur og ólst upp á Selfossi og í Flóanum. Hann er menntaður kjötiðnaðarmaður frá SS, fyrrverandi bóndi í Skálmholti í Flóahreppi. Atli fluttist til Grænlands um 1989 og bjó í Nuuk á Grænlandi í rúm 30 ár áður en hann fluttist til Íslands árið 2020 og býr með eiginkonu sinni Öldu Björk Ólafsdóttur. Alda er fædd í Reykjavík þar sem hún bjó til 13 ára aldurs þegar hún flutti til Svíþjóðar og þaðan til London árið 1989, þar sem hún bjó og starfaði sem söngkona í rúm 30 ár. Líkt og Atli flutti hún til Íslands árið 2020 og hafa þau búið sér heimili á æskulóðum hans í Flóanum.

„Við erum starfandi í ferðabjónustu ásamt því að reka fyrirtækið Viking Kitchen sem er með starfsstöð á Hellu á Rangárvöllum, þar sem við framleiðum meðal annars fiskisnakk undir vörumerkinu Krispa. Starfandi í ferðabjónustu, og sem framleiðendur íslenskrar vöru, höfum við orðið vör við áhuga ferðamanna á íslenskum kultúr, hönnun og matargerð. Jafnframt sem félagsmenn í samtökum smáframleiðenda, hversu erfitt er fyrir smáframleiðendur og handverksfólk að koma sinni vöru á framfæri,“ segja hjónin í samtali við Dagskrána.

Verslunin býður framleiðendum og handverksfólki að leigja hillupláss í versluninni og stjórna algjörlega verðlagningu á sinni vöru. Jafnframt er boðið upp á umboðssölu fyrir þau sem velja það.

„Vöruúrvalið er mjög fjölbreytilegt, úrval matvæla svo sem kjöt, fiskur, mjólkurvörur, heilsuvara, te, söl hunang og margt fleira. Mikið úrval handverks svo sem keramik, skartgripir, hnifar, töskur þrjónavörur, málverk og lengi mætti telja. Seljum einnig vörur frá vernduðum vinnustöðum,“ bætir Alda við.

Made in Ísland tryggir viðskiptavinum sínum það að einungis séu seldar vörur sem eru bæði hannaðar og framleiddar á Íslandi, og munu Alda og Atli leggja sitt af mörkum til að gera íslenskan kultúr, matargerð og handverk aðgengilegt fyrir íslendinga og ferðamenn.

„Við höfum fengið frábærar viðtökur og margir af okkar söluaðilum hafa sagt að þeir hafi beðið eftir svona verslun í mörg ár. Við höfum einnig hafnað mörgum seljendum sem ekki uppfylla þær kröfur sem við gerum. Það er algjört skilyrði að varan sé bæði hönnuð og framleidd á Íslandi,“ segir Atli.

Þau telja að verslunin muni hafa mikil áhrif á nærsamfélagið. „Þar sem við setjum íslenska vöru í hásæti og hvetjum alla íbúa til að gefa íslenska framleiðslu þegar gefa skal gjafir.“

Alda og Atli segja þó að aldræi hafi staðið til að opna verslun. „Við vorum að leita eftir aðstöðu fyrir „Take-away“ stað sem til stendur að opna á Selfossi á næsta ári. Okkur vantaði fyrst og fremst lager, frysti og kæliað-



Atli og Aldís
Ljósmynd: Bragi Bjarnason

stöðu og leigðum húsnæðið með það fyrir augum. En svo fór þetta allt úr böndunum og hugmyndir vöknðu um að samnýta aðstöðuna og færa okkar ástríðu á íslenskum kultúr og framleiðslu út í lífið, og þetta er útkoman. Við höfum eingöngu fengið frábærar viðtökur og hrós fyrir framtakið og höfum nú þegar fengið fyrirspurnir um að opna svona verslun á norðurlandi, svo hver veit hvað gerist í framtíðinni,“ segja Alda og Atli brosmild að lokum.

Það eru



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing -
Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.



Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f/keyrsla.is



Ljósmynd: Alda Ólafsdóttir



Ljósmynd: Alda Ólafsdóttir

Fáðu
fagmann
í verkið



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

TOYOTA RAV4

ÆVINTÝRIN
BÍÐA ÞÍN



Toyota
Selfossi



Toyota Selfossi
Fosnesi 14
480 8000







Jól

...OG ÉG LEITA AÐ GJÖF HANDA ÞÉR!


Motivo

VERZLUN

BRÚARSTRÆTI 3 SELFOSSI S.4821700 MOTIVO.IS

Við prentum ljósmyndir

Pantaðu þínar ljósmyndir inni á honnun.prentmetoddi.is



SALA Á LANDI UNDIR ÍBÚÐABYGGÐ

Árborg auglýsir til sölu land í Stekkjahverfi.

Landið er um 17,5 ha. að stærð og heitir Björkurstykki 3, landeignanúmer L236861. Um er að ræða vel staðsett land sem er ætlað undir íbúðabyggð.

Svæðið er hluti af uppbyggingarsvæði á landi Bjarkar sem liggur sunnan Suðurrhóla og meðfram Eyravegi. Sveitarfélagið leitar nú að áhugasömum aðila til að festa kaup á umræddu landi, og sjá í framhaldinu um deiliskipulagsgerð, hönnun, uppbyggingu innviða og sölu byggingarlóða.

Landið sem um ræðir er ekki deiliskipulagt en fyrirliggjandi eru deiliskipulagstillögur frá nóvember 2021. Þær tillögur gera ráð fyrir allt að 296 íbúða byggð en hugmyndir eru uppi um að fjöldi íbúða á landinu geti orðið allt að 360.



Tilboð í landið ásamt umbeðnum fylgigögnum skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour (tengill er á vef Árborgar) innan auglýsts skilafrest, sem er kl. 16:00 þriðjudaginn 19. desember 2023. Opnun tilboða verður framkvæmd með rafrænum hætti á útboðsvefnum eftir að skilafrestur er liðinn. Í kjölfar opnunar verður tilboðsgjöfum sent opnaryfirlit rafrænt.

Niðurstaða útboðs verður birt á vef Árborgar.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Árborgar, www.arborg.is



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Niðursetningar nútímans



Lilja Magnúsdóttir var að senda frá sér skáldsögu sem ber titilinn Friðarsafnið. Lilja er íslenskukennari og hefur búið á Kirkjubæjarklaustri undanfarin ár en var áður kennari við Menntaskólann í Kópavogi. Á Klaustri skrifaði Lilja vefinn Eldsveitir.is sem fjallar um sögu, menningu og náttúru í Skaftárhreppi. Fyrir fáum árum kom svo út skáldsagan Svikarinn og árið 2022 kom út bókin Gaddavír og gotterí sem eru tíu smásögur sem gerast í sveit á Íslandi, um 1970 þegar börn höfðu ofan af fyrir sér sjálf alla daga, áður en síminn og sjónvarpið komu til sögunnar. Lilja leit við hjá okkur hér á Dagskránni og sagði okkur frá Friðarsafninu.

Örlogarík hjálparbeiðni

Friðarsafnið segir frá Frank sem leitar skjóls á Íslandi á leið sinni til Kanada. Frank felur sig í Háskóla Íslands þar sem hann kynnist ungum konum sem vilja hjálpa honum. Honum tekst að fela sig í marga mánuði en það kemst upp um hann þegar hann lendir í átökum á bar þar sem hann er rotaður og lendir þar af leiðandi á slysó. Þaðan hverfur hann og lögreglan leitar hans.

Rakel er önnur aðalpersóna bókarinnar. Rakel er listræn og sjálfstæð og er í vínahópi sem er að æfa Parkour og graffa um allan bæ. Rakel heillast af manni sem er mjög viljasterkur og sjarmerandi en hún finnur að hún ræður ekki alveg við hann og er farin að efast um að samband þeirra sé í lagi. Hún veit ekki hvernig hún á að losna úr sambandinu og veit heldur ekki hvort hún vill það, því tilfinningum hennar og skynsemi ber

ekki saman um hvað gera skal. Rakel hefur stofnað Friðarsafn og þangað kemur Frank og biður hana um hjálp. Rakel getur ekki neitað honum um skjól þó hún viti að það geti verið hættulegt fyrir hana. Og það á svo sannarlega eftir að setja líf hennar úr skorðum.

Skemmtileg og auðveld aflestrar

Fyrir hverja er Friðarsafnið? „Þrátt fyrir að það sé þungur undirtónn í sögunni og hún fjalli um alvarleg málefni er hún skemmtileg og auðveld aflestrar. Sagan hentar unglingum ekki síður en fullorðnum.“

„Fólk á flótta er bókstaflega sett í frysti“

En hvaðan kom hugmyndin að sögunni? „Það voru meðal annars þessar endalaus sögur um ofbeldi í nánum samböndum. Það er svo algengt og það virðist ekki minnka þrátt fyrir jafnréttisbaráttuna. Í dag er það ekki síst stafrænt ofbeldi sem unga fólk er að glíma við og það kemur mjög við sögu í Friðarsafninu.“


„Ég hef kennt íslensku fyrir erlenda nemendur í mörg ár og það er átakanlegt að heyra sögur fólks sem hefur hrakist að heiman. Það er eins og mannréttindin hverfi. Mörgum finnst líka eðlilegt að tala niður til fólks á flótta. Fólks sem á

ekkert sameiginlegt nema að það á ekki lengur heimili og leitar nýrra tækifæra. Sá sem var niðursetningur í gamla daga hafði rétt til að finna sér vinnu og þiggja laun. Flóttamenn sem leita eftir vernd hafa ekki einu sinni þann rétt að reyna að bjarga sér á meðan fjallað er um hvort ríkið er tilbúið að taka við þeim eða ekki. Fólk á flótta er bókstaflega sett í frysti: Bíddu þar til þú færð svar. Og það geta liðið margir mánuðir, jafnvel ár. Hvernig fer þetta með manneskjur?“, bætur Lilja við.

Heimurinn á betri leið þar til Rússar réðust inn í Úkraínu

Friðarsafn á Íslandi? „Af hverju ekki? Friður er það sem okkur vantar mest í heiminum í dag. Mér fannst allt vera á leið til betri vegar í heiminum þar til Rússar réðust inn í Úkraínu. Ég trúði ekki að það myndi gerast þar til það gerðist. Maður heldur alltaf að allt sé betra í dag en áður, trúir því að við stefnum fram á við. Eftir árás Hamas á Ísrael og árásir Ísraela í kjölfarið efast maður mjög um að mönnum hafi farið mikið fram. Enn velja menn að berjast með vopnum, drepa saklaust fólk, í stað þess að leysa málin með því að tala saman og gera samninga. Kannski ættum við einmitt að stofna Friðarsafn á Íslandi?“, segir Lilja að lokum

HGL



Ljósmynd: Dagskráin/Helga Guðrún

Þýðingarmikil skref í rétta átt

Samtök ungra bænda fagna Speim tillögum sem starfs- hópur ráðuneytisstjóra hefur gert um aðgerðir til að koma til móts við þá grafalvarlega stöðu sem íslenskur landbúnaður, og ekki síst ungir bændur, standa frammi fyrir. Vonandi verður það svo að stjórnvöld muni taka mið af þessari vönduðu ráðgjöf og sýna þannig í verki skilning sinn á gjörbreyttum rekstrarskilyrðum vegna aukinnar vaxtarbyrði til viðbótar við verulegar verðhækkanir á öllum aðföngum.

Fyrir unga bændur skipta tillögur hópsins um nýliðunarstuðning auðvitað miklu máli. Þær eru mikilvæg skref í áttina að því að leiðrétta þá erfiðu stöðu ungra bænda sem hafa hafið búskap á síðustu árum og munu þær tryggja íslenskum sveitum líf til lengri framtíðar. Miklu munar um fjárhagslega stuðninginn sem einnig er almenn viðurkenning á því að þjóðin þurfi á ungu fólki að halda til þess að standa vörð um áframhaldandi fæðuöryggi sitt og framleiðslu fyrsta flokks matvæla við skilyrði sem væntanlega eru hvergi í heiminum betri en einmitt á Íslandi.

Sem betur fer einskorðast tillögur ráðuneytisstjórahópsins ekki aðeins við unga bændur heldur taka þær einnig á öðrum þáttum þar sem skuldir eru miklar eða langvarandi afkomubrestur hefur verið til staðar.

Þannig munar mikið um áherslu á greiðslur út á fjárfestingastuðning í því vaxtaumhverfi sem við búum við til viðbótar við þann hraða í afborgunum sem almennt hefur verið krafist. Býlisstuðningur til sauðfjárbænda og tillögur um stuðning til nautgripabænda með holdagripi eru einnig á meðal mikilvægra atriða í tillögum hópsins.

Enda þótt öllum stuðningstillögum verði hrint í framkvæmd er ljóst að áfram verður til staðar stórt gat í rekstri fjölmargra bænda sem ýmist falla undir þessar stuðningsaðgerðir eða ekki. Þeir munu áfram þurfa að drýgja tekjur sínar til að mynda með aukavinnu utan búrekstursins með tilheyrandi fórnarkostnaði gagnvart fjölskyldulífi sínu og frítíma. Við slíkar aðstæður er illt að búa.

Ríkjandi landbúnaðarstefna þjóðarinnar er að mörgu leyti framsýn og metnaðarfull. Henni var ætlað að vera innlegg í endurskoðun búvörusamninga sem átti að eiga sér stað á árinu 2023 en hefur því miður ekki enn litið dagsins ljós. Vonandi er að þessi vinna ráðuneytisstjóra hópsins verði grunnur fyrir ríka samstöðu þar sem gripið verði tafarlaust til aðgerða. Vissulega má betur ef duga skal en hér kveður við tón sem eykur ungum bændum bjartsýni á betri tíð með blóm í haga.

Samtök ungra bænda



Arna Dögg og Lærisveinarnir

Arna Dögg og Lærisveinarnir koma fram á Heima bístró í Þorlákshöfn á síðustu tónleikum í jólatónleikaröð Hljómlistafélags Ölfuss. Þau ætla að leika fyrir gesti hina ýmsu jólasmeli og halda uppi góðri stemningu. Hljómsveitina skipa Gestur

Áskelsson, Róbert Dan Bergmundsson, Hermann G. Jónsson og Halldór Sævar Grímsson.

Takmarkað sætaframboð svo tryggð ykkur miða sem fyrst á tix.is. Nánari upplýsingar á Facebook-síðu Hljómlistafélags Ölfuss.





Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveg 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0673, helga@dfs.is.

Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Visnagátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókaútgáfan HÓLAR

Kveikir stundum kúnna þrá, kulda fyrir þekktur sá.
Bónði Grýlu einnig er, einn í plús hann kaffi ber.

Svar við gátu í blaði 2727: **HETTA**
1. lína: Getnaðarvörn - 2. lína: Lambhús**HETTA**
4. lína: Plast**HETTA** yfir vörubretti





Arna Dögg og Lærisveinarnir



lindex.is

Hafðu það mjúkt
um jólin



LINDEX

Kakó, kertaljós og jólabækur

Fimmtudagskvöld 14. des. kl. 20-21:30.

Rithöfundar lesa upp og árita.

Jólastemning með jólabókum.

Ókeypis aðgangur
allir velkomnir

„Maður er náttúrulega ekkert nema heppinn í þessu lífi“

Fimmtudaginn 14. desember kl 21:00 ætla fimm af fremstu djassöngkonum landsins, Rebekka Blöndal, Kristjana Stefáns, Ragga Gröndal, Guðlaug Dröfn Ólafsdóttir og Sigrún Erla Grétarsdóttir að blása til jólatónleika í anda Ellu Fitzgerald á Sviðinu á Selfossi ásamt kvartett Vignis Þórs Stefánssonar og blásarasveit.

„Við Rebekka Blöndal, djassöngkona ársins og fyrsti íslenski djassöngvarinn sem hlýtur þau verðlaun, frænka mín og vinkona, fengum hugmynd fyrir tveimur árum um að gera Ellu Fitzgerald heiðurs-tónleika. Hugmyndin spratt upp frá því að við erum jú báðar djassöngkonur og deilum einlægri ást á Ellu Fitzgerald. Við höfum saman skemmtilegu fólki og úr urðu dásamlegir tónleikar í Salnum í einni Covid glufunni sem myndaðist það árið. Það gekk svo vel að við endurtókum leikinn tvisvar sinnum í Salnum og svo fórum við með tónleikana norður í Hof á Akureyri núna í október sl.“ segir Kristjana Stefáns í samtali við Dagskrána.

Kristjana var búin að ganga lengi með hugmyndina um að syngja efni af tveimur þekktustu jólaplötum Ellu Fitzgerald. „Eftir þriðju Ellu tónleikana í Salnum fórum við stelpurnar að ræða um stemninguna og hvað okkur þótti skemmtilegt að syngja saman og ég stakk uppá því að við myndum gera þetta allar saman. Þær lögðu

af góðmennsku sinni til að ég gerði þetta ein en ég sagðist vera viss um að þetta yrði miklu skemmtilegra ef við gerðum þetta allar saman þannig að úr varð þetta, Jóla Ella í Salnum og við verðum með tvenna tónleika þar á aðventunni. Svo hafði Þórir samband við mig, sem rekur nýja fallega tónleika-staðinn á Selfossi, Sviðið, og spurði hvort að þetta væri ekki akkúrat eitthvað sem við gætum komið með á Sviðið. Það var auðvelt að segja já við því og er einmitt það sem við ætlum að gera 14. desember.“

Kristjana byrjaði með Jóladijass á Selfossi í kringum árið 1996. „Eftir að Páll Óskar söng með okkur og forsetinn kom sem gestur á 25 ára afmæli Jóladijassins árið 2021 sáu við að það væri ekkert hægt að toppa þetta og ákvaðum að best væri að hætta.“ segir Kristjana og hlær.

Sjö stelpur og sex strákar

„Það góða við Jóla Ellu er að Vignir er á píanóinu, hann leiðir hljómsveitina í þessu verkefni þannig að við erum aftur saman vinirnir, þó að Gunni og Smári séu ekki með okkur, heldur bara okkar fólk í Reykjavík. Við verðum með átta manna band, fjóra blásara og píanókvartett. Þar af eru tvær konur blásarar þannig að við verðum sjö stelpur á sviðinu og sex strákar. Það er gaman að segja að það eru bara konur á bakvið þetta, við erum að sjá um alla fram-

leiðslu og framkvæmd sjálfar, þetta eru risa tónleikar sem við erum að standa fyrir ár eftir ár og það kemur enginn annar framleiðandi að nema við sjálfar. Við Rebekka Blöndal áttum sem fyrr segir hugmyndina og Ragga Gröndal kom inn í þetta með okkur svo við erum þrjár um hituna núna með þessa jólatónleika,“ bætir Kristjana við.

„Þetta eru bara svo dásamlegar plötur og æðisleg músík. Þetta eru djúsi tónleikar, kjóla-skipti og finerí, alvöru glamúr. Mér finnst rosa gaman að koma austur með þetta því ég veit að margir sakna jóladjassins. Það er dásamlegt að láta gamla drauma rætast og að gera það með vinkonum sínum... Maður er náttúrulega ekkert nema heppinn í þessu lífi,“ segir Kristjana að lokum.

Jazzkvartett Vignis Þórs Stefánssonar skipa Vignir Þór Stefánsson á píanó og hammond orgel, Ásgeir Ásgeirsson á gítar, Þorgrímur Jónsson á kontra-bassa og Magnús Tryggvason Eliassen á trommur. Blásarsveitina skipa þau Brett Smith á alto saxófónn, Rósa Guðrún Sveinsdóttir á barítón saxófónn og flautu, Eiríkur Orri Ólafsson á trompet og flugelhörn og Ingibjörg Azima Guðlaugsdóttir á Básúnu. 18 ára aldurstakmark er á tónleikana, húsið opnar kl 20:00 en tónleikarnir byrja kl 21:00. Miðasala er á Tix.is.

HGL

Óskað er eftir tilnefningum til Menntaverðlauna Suðurlands 2023

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga óska eftir tilnefningum til Menntaverðlauna Suðurlands 2023. Frestur til tilnefninga er til miðnættis sunnudaginn 4. febrúar nk. og þær skal senda á netfangið: menntaverðlaun@sudurland.is. Veitt verður viðurkenning sem og peningaverðlaun. Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu SASS: sass.is.



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA



A
Eyravegur 51
800 Selfoss
Sími 590-6996
AÐALSKOÐUN

býður í aðventukaffi

15. desember kl. 9 -12

Lokað verður fyrir skoðanir á meðan viðburði stendur



Aðventuganga og jólatré í Öndverðarnesi

Alviðra, náttúruverndar og fræðslusetur Landverndar býður til aðventugöngu um Öndverðarnes við Sogið laugar-daginn 16. desember.

Gengið verður að furulund-inum utarlega á nesinu og þar geta gestir höggvið sjálfsáðar furur sem hafa komið sér fyrir í birkikjarrinu sem umlykur Önd-verðarnesið. Gangi vel að finna furutré verða þau boðin til kaups þegar komið er heim í bæ.

Gangan hefst við Náttúru-verndar- og fræðslusetur Land-verndar í gamla bóndabænum að Alviðru kl. 13:00.

Eftir göngu verður boðið upp á kakó og piparkökur í bænum. Búið er að koma upp jólatré í hlöðunni og leiðsögumaðurinn mætir með gömlu harmonikk-una sína ef áhugi er fyrir að ganga í kringum tréið. Börnin eru því hjartanlega velkomin. Hin klassíska bók Gunnars Gunnarssonar, Aðventa, verður einnig við hendina ef andinn kemur yfir okkur.

Leiðsögumaður verður Tryggvi Felixson. Honum þætti vænt um að fá tölvu-póst eða símaskilaboð frá þeim sem hyggjast taka þátt í göng-unni: tryggvifel@gmail.com, sími 699 2682

Öndverðarnesið er gróður-sælt og um það liggja ágætlega merktir göngustígar. Á góðum dögum má njóta útsýnis á Ing-ólfsfjall og Sogið, vatnsmestu

lindá landsins. Hún sameinast Hvítá við enda Öndverðarness og saman mynd þessi tvo vatns-föll vatnsmestu á landsins, Ölf-usá.

Nýlega var samið um upp-skiptingu á jörðunum Önd-verðarnesi II og Alviðru þannig að Landvernd annast Alviðru og Héraðsnefnd Árnesing fer með

Öndverðarnesið. Héraðsnefndin hefur veitt Landvernd heimild til að taka þau tré á nesinu sem ekki falla að náttúruverndar-stefnu svæðisins. Stefnt er að því að viðhalda náttúrulegum birkigróðri á Öndverðarnesi og því er áformað að fella þau tré sem sá sér útfyrir sjálft skóg-ræktarsvæðið



Síðasta upplestrarkvöldið fyrir jól

Fimmtudagskvöldið 14. desember mæta sex gal-vaskir rithöfundar í Bókakaffið á Selfossi og lesa upp fyrir gesti og gangandi. Tilboð á bókum og notaleg jólastemning við kertaljós og kakódrykkju. Húsið er opnað kl. 20 og upplestur stendur frá 20:30-21:30.

Þau sem koma að þessu sinni eru eftirtalin:

Sigmundur Ernir Rúnarsson: Í stríði og friði fréttamensk-unnar.

Jóna Ingibjörg Bjarnadóttir: Hlutskipti.

Kristín Ómarsdóttir: Móðurást. (Tilnefnd til Fjöruverðlauna) Sigurjón Bergþór Daðason: Umbrot.

Solveig Thoroddsen: Að innan erum við bleik.

Vigdís Grímsdóttir: Ævintýrið. (Tilnefnd til Fjöruverðlauna).

Auk þess kynnir útgefandi bók Esterar Hilmarsdóttur: Fegurðin í flæðinu sem einnig er tilnefnd til Fjöruverðlauna.

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.



ÓDÝRASTA ELDSNEYTIÐ OKKAR

Á SELFÖSSI

„Þriðja starfið sem ég hef unnið á ævinni“

„Ég varð verslunarstjóri hér í Kjörbúðinni þegar hún var opnuð 9. júní 2021 og þetta hefur gengið ljómandi vel frá fyrsta degi,“ segir Jón Jónsson, 49 ára verslunarstjóri Kjörbúðarinnar á Hellu en hún er í verslunarmiðstöðinni Miðjunni sem blasir við þegar ekið er inn í bæinn. Kjörbúðin tók við af versluninni Kjarval, sem Festi átti áður, en Jón var þar vaktstjóri.

Jón er heimamaður á Hellu. „Mamma er úr Landeyjum og pabbi frá Árbæ í Holtunum, hér rétt hinum megin við ána. Ég bjó fyrstu þrjú árin í Landeyjum en þá fluttum við á Hellu og hér hef ég alið manninn síðan.“

Um aldur og fyrri störf brosir hann og segir að hann sé ekki mikið fyrir að skipta um starfsvettvang því verslunarstarfið sé þriðja starfið sem hann hafi unnið á ævinni og að eitt ár sé í fimmtugsafmælið.

Vann í bakarí á Hellu í hartnær 26 ár

„Ég vann í glerverksmiðjunni Samverki sem unglingur og eftir það vann ég í bakarínu hér á staðnum í hartnær 26 ár; fyrst sem sumarmaður en eftir fjórða sumarið hætti ég í skóla og byrjaði þar allan daginn við útkeyrslu. Eftir það lá leiðin inn fyrir og ég vann samfelld í átján ár sem bakari – eða þar til bakarínu var lokað. Núna er glæsileg bakarísbúð í miðju Miðjunnar, en hér er ekkert bakað lengur heldur koma kræsingarnar frá Almari bakara í Hveragerði á hverjum morgni.“

Hann segir að verslunarstarfið eigi vel við sig. „Þetta er mjög lifandi starf og mikið um að vera. Hin miklu samskipti við viðskiptavinum, birgja og samstarfsmenn eru það mest gefandi við starfið. Það er góð tilfinning að geta veitt góða þjónustu og finna ánægju þeirra sem koma hingað í búðina.“

Reyni að stilla fram ferski búð

En hvað leggur hann mesta áherslu á í búðinni? „Ég reyni fyrst og fremst að stilla fram ferski, vel útlitandi og góðri búð með sem mestu vörubúð og áhugaverðum tilboðum. Aðalatriðið er að búðin líti vel út og það sé ánægjulegt að kaupa inn. Það slær mig alltaf jafn illa þegar ég kem inn í verslun þar sem lítið er til og allt einhvern veginn ekki í lagi. Það er ekki góð kaupmennska.“

Fjölmörg fyrirtæki í Miðjunni á Hellu

Kjörbúðin á Hellu er í Miðjunni og á besta stað í bænum. Fjölmörg fyrirtæki eru í verslunarmiðstöðinni. Fyrir utan Kjörbúðina eru þar vínbúð, heilsugæsla, bakarí Almars, apótek, skrifstofur sveitarfélagsins og verkalýðsfélagsins, verkfræðistofa, tannlæknastofa og hárgreiðslustofa.

„Þetta er sannkölluð Miðja í

bæjarfélaginu og margir staldra við og líta inn. Umferð um Suðurlandið, allt austur að Höfn, er mikil og langflestir af þeim erlendu ferðamönnum sem koma til landsins fara um Hellu á leið sinni austur; t.d. í Jökulsárlón.“

Útlendingar eru sólgirnir í skyr

Jón segir að yfir sumarið hópist oft inn erlendir ferðamenn á leið upp í Landmannalaugar. „Það er mikið annríki hérna flesta morgna yfir sumarið þegar rúturnar stoppa hér og inn koma 50 til 60 manns í einu úr einni rútu. Þá er handgangur í öskjunni og við þurfum að hafa okkur alla við til að geta sinnt þeim.“

En hverju skyldu erlendu ferðamennirnir vera hrifnastir af? „Þeir eru sólgirnir í skyr og mjólkurvörur, það fer ekki á milli mála. Þeir spyrja líka oft um einhvern þjóðlegan mat sem þeir verði að smakka og prófa. Ég hef bent þeim á tilbúna rétti eins og saltkjöt, kjötsúpu, bjúgu og pylsur. Þeir eru hrifnastir af pylsunum. Þegar þeir sjá hið mikla úrval af pylsum hjá okkur spyrja þeir gjarnan hvað sé íslenskast af öllum þessum pylsum sem eru í boði.“

Jón bætir því við að útlendingar kaupi ekki mikið af grillkjöti en það sé öðru nær með landann. „Það hefur selst mikið af grillkjöti í sumar enda veðrið verið mjög gott – það taka allir grillarar vel við sér í sól og sumaryl.“

Övenjulegt – ekki í hestamennsku

Hella er þekkt fyrir hestamennsku, gæðinga og glæsileg mót á Gaddstaðafloðum. En er Jón í því sporti?

„Nei, það er ég ekki. Þrátt fyrir að ég hafi verið í sveit öll sumur sem krakki hefur hestamennska aldrei hrifið mig. Meira að segja í sveitinni í gamla daga var mér frekar illa við hesta. En þetta er vinsælt sport og setur svip á sveitarfélagið – sem er hið besta mál. Eðli málsins samkvæmt eru hestamenn oft á ferð í búðinni hjá mér.“

Les og grúskar um tækni og vísindi

Um áhugamál sín segir Jón að þau snúi að tækni. „Þótt það hljómi ekki spennandi þá les ég talsvert af tæknigreinum í tímaritum og á netinu og grúska mikið á youtube um alls kyns tækni. Það kemur því ekki á óvart að tímaritið Lifandi vísindi er mitt uppáhaldsblað,“ segir Jón og brosir.

Nokkur stakkaskipti hafa orðið á Hellu undanfarinn áratug og bærinn vaxið og dafnað. „Það er mjög ánægjulegt hvað hér hefur verið mikil grúska. Hér var engin uppbygging í áratugi. Núna blómstrar bærinn með aukinni ferðaþjónustu. Ég hef stundum tekið sem dæmi að þegar ég byrjaði í skóla vorum



Jón Jónsson, 49 ára verslunarstjóri Kjörbúðarinnar á Hellu

við 32 krakkarnir í árganginum en þegar ég útskrifaðist úr tíunda bekk grunnskóla vorum við sautján. Það fækkaði sem sagt verulega í hópnum.“

Sjálfsafgreiðsla tekur ekki störf af fólki

Alls eru átján á launaskrá í Kjörbúðinni á Hellu en stöðugildin eru sex. Það er því talsvert um hlutastörf. „Það eru alltaf fjórir á vakt frá átta á morgnana til fjögur á daginn. Og alltaf tveir á kvöldvaktinni fram til átta en við höfum opið svolítið lengur en ýmsar aðrar Kjörbúðir. Hér er til dæmis oft mjög annasamur tími á milli sjö og átta á kvöldin þótt mesta traffikin sé síðdegis á milli fjögur og fimm – sem og á morgnana á sumrin þegar rúturnar drífur að og erlendir ferðamenn flykkjast hér inn.“

Vel á minnst – hvernig höndlið þið það að fá 50 til 60 manns úr fullri rútu inn til ykkar? „Það gengur bara vel. Það er auðvitað áskorun. En við sinnum því vel og þá kemur sjálfsafgreiðslan sér vel. Við erum með þrjá slíka kassa og einn mannaðan kassa. Vissulega þarf oft einn að vera við sjálfsafgreiðsluna til að aðstoða en ég hef sagt að hún taki ekki störf af fólki, eins og margir halda fram. Starfsfólkið nýtist þá betur við að sinna öðru á meðan, eins og fylla í hillurnar og halda búðinni ferski og í fínu formi.“

Jón á von á ferðamönnum fram eftir hausti. „Ferðatímabil útlendinga er alltaf að lengjast á haustin – og raunar má segja að þeir séu á ferð allt árið þótt auðvitað sé mest um þá á sumrin.“

Glens og gaman á Töðugjöldum

Bæjarhátíðin á Hellu nefnist Töðugjöld en töðugjöld voru í gamla daga dálítill glaðningur sem heimilisfólki var gefinn þegar búið var að hirða töðuna af túninu. „Þessi bæjarhátíð er mjög vel heppnuð og jafnan haldin um miðjan ágúst. Þetta er hefðbundin hátíð með tónleikum, kvöldvöku, skemmtiatriðum og flugeldasýningu og það er ánægjulegt hvað hún hefur öðlast fastan sess í bæjarfélaginu,“ segir Jón Jónsson, verslunarstjóri Kjörbúðarinnar á Hellu.

Leikföng og gjafavara í miklu úrvali

Fallegar og spennandi gjafir og skraut.



5.999 kr. VERÐ ÁÐUR 7.999 kr.



47.999 kr. VERÐ ÁÐUR 59.999 kr.

Playmobil fæst hjá okkur



Allt jólaþöndur og jólaþöndur

40% afsláttur



penninn.is
540-2316

selfoss@penninn.is
Brúarstræti 6

PENNINN Eymundsson

Bóksali í 150 ár

Um eflingu háskólanáms á landsbyggðinni – Suðurlands dæmið

Það búa ekki allir landshlutar við aðgengi að háskóla en þar með er ekki sagt að íbúar hans hafi ekki aðgengi að námi. Um landið hafa byggst upp þekkingarsetur líkt og Háskólafélag Suðurlands þar sem nemendur geta komið og stundað fjarnám, tekið próf, hitt aðra nemendur og upplifað sig sem hluta af námssamfélagi. Hins vegar er það svo að framboð námsgreina er ekki endilega í samræmi við eftirspurnina, enda er enn þá aðeins takmarkaður hluti námsbrauta í boði sem fjarnám. Því skiptir það gríðarlegu máli að þau svæði sem ekki búa við háskóla leiti allra leiða til þess að efla og auka tækifæri til menntunar, að krefjast þess statt og stöðugt að háskólar landsins efla fjarnámið sitt, fjölgi greinum og verði raunverulega háskólar fyrir alla landsmenn.

Hvað geta svæðin gert?

Fyrir utan það að vera stöðugur þrýstingur á háskólana að efla og bæta sitt fjarnám, taka þátt í þróunarverkefnum og minna stöðugt á mikilvægi þess að landsbyggðin sitji ekki eftir þegar kemur að menntun á háskólastigi, þá hafa svæðin farið misjafnar leiðir að því að efla og hvetja nemendur „innan frá“. Á Suðurlandi var farin sú leið að stofna Vísinda- og rannsóknarsjóð sem hefur það markmið að styrkja lokaverkefni nemenda sem hafa skýra tengingu við Suðurland. Frá upphafi hefur sjóðurinn styrkt 42 verkefni af öllum toga, allt frá BA/BS verkefnum til doktorsverkefna. Þetta eru um 2-3 verkefni árlega og samkvæmt styrkþegum hefur sjóðurinn haft mikla þýðingu fyrir framgang þeirra. Niðurstöður rannsókna nemendanna leiða oftar en ekki af sér ný og áhugaverð verkefni sem nýtast á margan hátt til uppbyggingar á svæðinu, samfélaginu öllu til heilla.



Sjáum til sólar

Þó breytingar gerist oft hægt þá gerast þær engu að síður. Í nýju fjármögnunarlíkani Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins til háskólanna er gert ráð fyrir að 25% af heildarfjármögnun fari í samfélagslegt hlutverk þeirra. Þar segir að með þessum hluta sé ætlunin meðal annars að hvetja háskólana til þess að auka framboð greina í fjarnámi og stuðla að jöfnu aðgengi að háskólanámi. Þó eflaust muni innleiðingin taka tíma er vonin sú að þetta verði skref í þá átt að háskólarnir sjái sér hag í því að bjóða íbúum landsbyggðarinnar upp á fjölbreyttara nám og aðgengi fyrir alla. Í millitíðinni halda þekkingarsetrin áfram að vera staður fyrir nemendur á landsbyggðinni til þess að fara í það fjarnám sem í boði er, veita þeim les- og prófapjónustu og styrkja innviði náms með öllum tiltækum ráðum.

Opíð fyrir umsóknir í Vísinda- og rannsóknarsjóð Suðurlands

Búið er að opna fyrir umsóknir í Vísinda- og rannsóknarsjóð fyrir árið 2024 og er frestur til þess að sækja um til 5. janúar. Við hvetjum nemendur til þess að skoða sjóðinn og sækja um, telji þeir verkefnin sín eiga erindi við Suðurland.

Höfundur er framkvæmdastjóri Háskólafélags Suðurlands og í stjórn Samtaka þekkingarsetra á landsbyggðinni.

Jólahundaganga á Selfossi

Laugardaginn 16. desember kl. 11 verður jólahundaganga á Selfossi á vegum Taums, hagsmunafélags hunda-eigenda.

Gengið verður af stað klukkan 11 frá Dýraríkinu Austurvegi 56 (ath. breytt heimilisfang!)

Genginn verður stuttur hringur um bæinn og svo endað aftur á upphafsstað. Allir eru velkomnir en rétt er að hafa það í huga að flexitaumar ættu ekki

að sjást þegar gengið er í hópi og lóðatíkur eiga ekkert erindi í svona göngu.

Að göngu lokinni verður boðið upp á kaffi og piparkökur og í Dýraríkinu verður 15% afsláttur af öllum gæludýravörum fyrir göngugarpa.

Fjölmönnum í gönguna! Klæðum okkur eftir veðri og munum eftir pokunum og góða skapinu!

Stjórn Taums



AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur



Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur aðalskipulagsbreytinga og skipulagslýsinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

1. Kílhraunsvegur 1-56; Úr frístundabyggð í íbúðabyggð; Aðalskipulagsbreyting – 2311027

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 6. desember 2023 að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps og deiliskipulagi er varðar Kílhraunsveg 1-56. Í breytingunni felst að landnotkun svæðisins breytist úr frístundabyggð í íbúðabyggð.

2. Bryggja spilda L178475; Frístundabyggð og 3MW virkjun; Aðalskipulagsbreyting – 2308056

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 6. desember 2023 að kynna skipulags- og matslýsingu sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 og gerð nýs deiliskipulags. Í breytingunni felst að landnotkun jarðarinnar breytist úr landbúnaðarlandi í frístundabyggð, verslunar- og þjónustusvæði og iðnaðarsvæði fyrir 2-3 MW virkjun í Tungufljóti, til að framleiða raforku fyrir svæðið. Gert verður ráð fyrir um 30 ha frístundabyggð með 30-40 lóðum, 5 ha svæði fyrir verslun- og þjónustu og 3 ha iðnaðarsvæði. Jörðin er tæpir 40 ha að stærð.

3. Árnes; Þéttbýli; Landnotkunarflokkar; Aðalskipulagsbreyting – 2303052

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 6. desember 2023 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar er varðar þéttbýlið í Árnesi. Breytingin nær yfir vesturhluta þéttbýlisins í Árnesi, þann hluta sem er vestan við Heiðarbraut (nr.3357). Á allra næstu árum sér sveitarfélagið fram á að mikil þörf verði fyrir íbúðahúsnæði í Árnesi og snýst breytingin um að koma til móts við áætlaða þörf fyrir íbúðarhúsnæði samhliða uppbyggingu á þjónustu sem því fylgir. Þetta kallar á ný svæði fyrir íbúðarbyggð. Fjölgun íbúa kallar á meiri þjónustu og sveigjanleika í landnýtingu, því er hluti svæðisins gerður að miðsvæði með rúmum heimildum fyrir atvinnustarfsemi, þjónustu og íbúðir.

Samkvæmt 41. gr. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana og deiliskipulagsbreytinga:

4. Stóra-Borg lóð 16 L218060; Íbúðarsvæði með rúmum byggingarheimildum; Deiliskipulag – 2302027

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 1. nóvember 2023 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags fyrir landbúnaðarsvæði í landi Stóru-Borgar lóðar 16 L218060. Svæðið, sem er 54,9 ha að stærð, er staðsett norðvestan við Borg í Grímsnesi og kemur til með að heita Borgarheiði. Með deiliskipulaginu eru skilgreindar 32 lóðir sem eru á bilinu 0,9-1,5 ha. Aðkoma er frá Biskupstungnabraut (35) og í gegnum þéttbýlið á Borg. Gönguleiðakerfi tengir svæðið við nærliggjandi græn svæði og við þéttbýlið Borg. Heimilt er að vera með léttu atvinnustarfsemi innan lóða, s.s. skógrækt, húsdýrahald og minniháttar verslun.

5. Ásgarður í Grímsnesi; Frístundasvæðið Borgargil, Giljatunga 8 L216344; Breytt byggingarmagn; Deiliskipulagsbreyting – 2311075

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 6. desember 2023 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi sem tekur til frístundasvæðis í landi Ásgarðs. Í breytingunni felst að hámarksbyggingarmagn innan lóðar sem skilgreint er 150 m² verði fellt út úr skipulagi og að byggingarmagn verði þess í stað bundið við hámarksnýtingarhlutfall 0,03.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna, www.blaskogabyggd.is, www.gogg.is og www.skeidgnup.is.

Mál 1-3 innan auglýsingar er skipulagsmál í kynningu frá 14. desember 2023 með athugasemdafrest til og með 5. janúar 2024.

Mál 4-5 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 14. desember 2023 með athugasemdafrest til og með 26. janúar 2024.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is. Bendum jafnframt á að málin eru aðgengileg á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/.

Vígfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi UTU

Ápreifanleg eftirvænting í miðbæ Selfoss þegar jólasveinarnir komu til byggða

Það var kátt í miðbæ Selfoss sl. laugardag þegar jólasveinarnir komu niður af Ingólfsfjalli til að heilsa uppá bæjarbúa. Það var vel tekið á móti þeim þegar þeir komu yfir brúna á 69 ára gömlum Dodge Weapon frá Guðmundi Tyrfringsyni þar sem fjöldi fólks hópaðist um sveinana og bar mannhafið þá inn í miðbæ Selfoss. Bræðurnir þrettán komu sér síðan fyrir á svölunum milli Miðbars og Konungskaffis undir eftirliti foreldra sinna, Grýlu og Leppalúða, áður en þeir hófu upp raust sína eins og þeim einum er lagið.







Jólasýning fimleikadeildar Selfoss stóð undir nafni eins og undanfarin ár



Jólasýning fimleikadeildar Selfoss var haldin laugardaginn 9. desember sl. þar sem sagan um týndu prinsessuna Garðabrúðu og ævintýri hennar var túlkuð af iðkendum. Sýningin var mjög vel sótt og gleðin skein úr hverju andliti þegar iðkendur uppskáru eftir skemmtilegar æfingavikur í salnum. Inga Heiða Heimisdóttir tók fallegu myndirnar sem má sjá hér að neðan.



Jólagjafahugmyndir í heimabyggð

Það þarf ekki að leita langt yfir skammt þegar kaupa á jólagjafirnar. Mikið úrval verslunar og þjónustu er að finna í heimabyggð. Hér að neðan gefur að líta lítið brot af því úrvali sem finna má fyrir stóra sem smáa.



CLEOPATRA

Í Cleopötru fæst Wana ullarkápa frá danska merkinu MSCH - Copenhagen. Verð 31.990 kr. Kápan er frábær jólagjöf.

Í Cleopötru fæst kvenfatnaður og fylgihlutir fyrir konur á öllum aldri.



HYGGE BORDALAMPI

HYGGE borðlampinn frá ILVA er þráðlaus lampi með innbyggðum LED perum og snertirofa með þrem birtu stillingum. Lampinn er fallegur og stílhreinn og kemur í fállegri öskju og því frábær gjöf. HYGGE lampinn kemur í gull, hvít og svörtu og er 19 cm á hæð.

Glæsileg dönsk hönnun sem smell-passar í jólapakkann.



LITLA GARÐBÚÐIN

Úrval af kimanoum, náttfötum, kjólum og kósýfatnaði frá PIP Studio fæst í Litlu garðbúðinni. Hægt að skoða úrvalið í vefversluninni á www.litlagardbudin.is eða kíkja í búðina í kjallaranum hjá Sjafnarblómum, Austurvegi 21.

Opið virka daga kl. 12-17 og laugar-daga kl. 12-16.

SPORTBÆR

Leður stígvél frá Tamaris með 6 cm hæl. Verð 26.995 kr.

Í Sportbæ færð þú frábært úrval af skóm, sport- og útivistarfatnaði á alla fjölskylduna og getur fundið eitt-hvað í jólapakkann handa öllum.

Sjá úrvalið á sportbaer.is.



Jólagjöfin fyrir alla bílaunnendur



Fallegar og persónulegar jólagjafir

honnun.prentmetoddi.isInni á hönnunarvefnum okkar getur þú
t.d. útbúið **kort**, **dagatöl** og **myndabækur**.

Aðventuheimsókn með fortíðina í farteskinu

Dillandi skemmtileg, einlæg og áhugasöm börn. Hún var ánægjuleg, heimsókn Ragnhildar safnkennara á Byggðasafni Árnesinga til Þorlákshafnar einn fallegan nóvembermorgun fyrir stuttu. Förlinn var heitið í Grunnskólann í Þorlákshöfn með þrjár eftirgerðir af Miðengistrénu okkar á safninu. Krakkarnir í 2. bekk höfðu samþykkt að skreyta trén í ár fyrir safnið og þau voru afar vel undirbúin og höfðu útbúið einstaklega fallegt og stórsniðugt skraut ásamt kennurum sínum Erlu Sif Markúsdóttur, Hrönn Guðfinnsdóttur og Sigríði Ósk Jensdóttur, stuðningsfulltrúa.

Krakkarnir höfðu farið út og safnað trjágreinum sem þau síðan skreyttu með borðum og tölum. Útkoman hreint út sagt frábær, lítil jólatré prýða nú trén sem hafa fengið heiðursess á jólasýningu Byggðasafns Árnesinga. Lítil jólatré, hvert með sinn karakter og sína stjörnu á toppnum í formi tölu sem áður hafði annan tilgang. Inn á milli eru hjörta gerð úr bók

sem hafði lokið hlutverki sínu. Börnin klipptu blöðin í misstóra renninga sem þau síðan brutu í tvennt, röðuðu í stærðarröð og festu saman.

Heimsóknin var einnig skemmtileg samverustund með þessum áhugasömu og duglegu krökkum sem tóku vel á móti gestinum. Við skoðuðum í sameiningu líkan af torfbæ sem rímaði vel við stutta frásögn af jólum Þóreyjar litlu á Upphólum fyrir hartnær 100 árum. Þá var Þórey 7 ára eins og gestgjafarnir í Þorlákshöfn. Bærinn Upphólar stóð miðja vegu milli Gullfoss og Geysis og svo vel vill til að þessi áhugaverða frásögn Þóreyjar á æskujólunum hefur ratað til safnsins. Ýmislegt fannst krökkunum umhugsunarvert og nokkuð frábrugðið því sem þau þekkja í dag en sumar jólahéðir hafa lítið breyst. Jólahátíðin er enn tilbreyting frá hversdagsleikanum og sá tími ársins þar sem við gerum vel við okkur og höldum heilög jól.

Byggðasafn Árnesinga



Nemendur FSu semja jólasögur

Nemendur í íslensku á 1. þrepi í FSu fengu það verkefni í byrjun aðventu að semja og skrifa jólasögur. Hér birtast sex sýnishorn af sögum nemenda sem kennari þeirra Jón Özur Snorrason hefur yddað og ritstýrt og samið við fyriragnir. Viðfangsefnin eru af ýmsu tagi en ljóst er að jólahaldið og hátíðin, hefðir og pakkar og innihald jólanna skiptir ungt og upprennandi fólk ennþá miklu máli. Njótið lestursins og gleðilega komandi hátíð.

HIN FULLKOMNU JÓL

Júlía Sól Sigurfinnsdóttir

SAGA ætlaði að upplifa hin fullkomnu jól og allir í fjölskyldunni áttu að vera saman heima um jólin. Hún og mamma voru búnar að skreyta allan desember og loksins var kominn aðfangadagur. Saga var farinn að gera sig til fyrir kvöldið. Búin að kaupa sér fallegan, rauðan kjól og var afar spennt að klæðast honum. Þegar hún var tilbúin fóru gestirnir að láta sjá sig og fljótlega settust allir við matarborðið. Það var svínahamborgarhyggju og pabbi skar niður sneiðar á diska. Með voru brúnar kartöflur, rauðkál og gular baunir. Þegar allir voru búnir að borða var sest inn í stofu og opnaðir pakkar. Loks kom að jólapakkanum hennar Sögu. Hún byrjaði að rífa pappírinn utan af. Í honum var það sem Sögu var búin að langa lengi í. Útlandaferð til Spánar á næsta ári. Saga var svo glöð að hún gleymdi sér og fór að dreyma um sól og baðstrendur og strandblak. Þegar hún lagðist á koddann um kvöldið gat hún ekki sofnað fyrir sól og sumaryl.

HLJÓÐIÐ Í STOFUNNI

Adam Smári Sigurðsson

ÞAÐ var dimmt og drungalegt á Þorláksmessukvöldi þegar Stefán lagðist til hvílu. Hann leit að svefnherbergishurðinni sem var opin í hálfa gátt. Honum fannst hann heyra eitthvað eins og fótatak í stofunni. Stefán lá stjarfur í rúminu af hræðslu. Klukkan var hálf þrjú að nóttu og hann hlaut að vera að dreyma. Hann leit yfir til Katrínar, unnuðu sinnar sem að lá sofandi við hlið hans. Þetta hlaut bara að vera ímyndun. Hann fór fram úr en enginn nema hundurinn var frammi. Hann lokaði dyrunum og lagðist aftur upp í og reyndi að leggja aftur augun. Þá heyrir hann hundinn urra og einhver tekur í húninn og juðar honum upp og niður. Ofsahræðsla greip um sig hjá Stefáni. Katrín vaknar við lætin í húninum og stekkur fram úr. Síðan hættir þetta allt í einu. Stefán opnar hurðina löturhægt. Enginn hinum megin. Þau horfa hvort á annað. Hundurinn sperrir eyrun og það er ljóst að hann sér eitthvað sem að þau sjá ekki.

Þau leggjast aftur upp í rúm og reyna að sofna. Fyrir utan húsið sjá þau ekki þegar rauðklæddur maður tiplar á tánunum í nýföllnum snjónum.

ÉG BARA ELSKA JÓLIN

Ágúst Örn Jónsson

STEKKJASTAUR var ekki eins og aðrir jólasveinar. Hann var góður í því að stela mjólkurflöskum og elta kindur. En Stekkjastaur langaði svo að vera góður og hlýr jólasveinn. Honum fannst börnin ekki fá nóg af ást og umhyggju. Stekkjastaur vaknaði snemma á jóladag og bauð börnunum upp á sérstakan jólamorgunmat og skreytti húsið þeirra með snjó, ljósi og steinum sem glitraðu eins og stjörnur. Börnin sáu hversu góðhjartaður Stekkjastaur var. Hann lék með þeim, söng með þeim jólalög og hlustaði á jólasögur. Hann kenndi þeim að gleðjast yfir einföldum hlutum eins og snjóflögum og flottum trjám. Þegar foreldrar barnanna komu þreytt heim úr vinnunni fundu þau skreytt hús og glöð börn. „Stekkjastaur hefur bjargað jóluunum“ hrópuðu þau. Börnin sem áður voru hrædd við jólasveinninn sáu núna hversu góður Stekkjastaur var og elskuðu hann. Um kvöldið þegar börnin fóru að sofa lagði Stekkjastaur af stað heim til sín með bros á vör sem birti himininn. Þegar hann kom til hinna jólasveinanna spurðu þeir með undrunarsvip: „Af hverju ert þú svona glaður?“ „Ég bara elska jólin“ svaraði Stekkjastaur.

DRAUMURINN UM SNJÓBRETTIÐ

Patryk Zenon Kuc

ÞAÐ voru bara þrír dagar til jóla og ég hlakkaði svo mikið til að ég gat varla beðið eftir að sjá hvað ég mundi fá í jólagjöf. Þess vegna ákvað ég að liggja úti og horfa upp í himininn og það var orðið dimmt. Ég klæddi mig í kuldagalla og náði mér í skóflu og bjó til snjóhús sem var með stóru gati á toppnum. Setti svo kerti í snjóhúsið og lagðist á bakið og hugsaði hvað myndi vera í jólapakkanum. Ég horfði á stjörnurnar og hugsaði um snjóbretti sem ég var búin að reyna að safna mér fyrir í langan tíma. Að þessu loknu fór ég inn og lagðist upp í hlýtt rúmið og fór að sofa til að bíða eftir jóluunum. Þegar ég vaknaði morguninn eftir og kikti í skóinn fann ég lítið legó af manni sem liggur í snjóhúsi og dremir um snjóbretti.

GILJAGUR SKAMMAR SYSTKININ

Bryndís Hekla Sigurðardóttir

SYSTKININ stukku upp úr rúminu sínu um leið og þau opnuðu augun. Aðfangadagur var nú



runninn upp. Það var orðið ansi jólalegt bæði inni og úti. Búið að skreyta mikið og heljarinnar jólatré stóð í stofunni og mjúkir og harðir pakkar undir því. Úti var ískalt, vindur og hunds-lappadrífa í loftinu. Fjölskyldan hélt af stað í möndlugraut heim til ömmu og afa. Þegar hún var aftur komin heim tóku systkinin eftir stórum fótsporum og snjó á stofugólfinu. Fótsporin lágu að jólatrénu í stofunni. Undir trénu voru mun færri pakkar en þegar þau fóru að heiman. Greinilegt var að einn stór og skeggjaður hafði komið í heimsókn. Fjölskyldan leitaði allstaðar í húsinu af pökkunum en ekkert fannst. Eftir langa leit ákvað pabbi að hringja í jólasveinana og athuga hvort þetta hafi átt að vera brandari. Hurðaskellir svaraði í símann og sagði að Giljagaur hafi farið í spássitúr og komið til baka með fullan poka af gjöfum. Hann sagðist mundi senda Giljagaur til baka sem kom fljótlega og viðurkenndi stuldinn. Ástæðan væri sú að honum fyndust krakkar nú til dags vera of æstir í pakka. Foreldramir sýndu þessu skilning og systkinin voru hundfúl. Eftir að Giljagaur kvaddi rann það upp fyrir þeim að þetta hafi nú bara verið rétt hjá Gaurnum. Jólin hjá fjölskyldunni breyttust mikið eftir þennan aðfangadag. Systkinin og öll fjölskyldan varð miklu samheldnari og pakkarnir skiptu þau ekki eins miklu máli og áður.

LÍSA REDDAR JÓLUNUM

Ísabella Lára Walther

LÍSA er átta ára og býr með mömmu sinni sem er kokkur og pabba sem er mikilvægur læknir. Lísa býr á litlum og sætum sveitabæ á Suðurlandi. Hún er rosalega spennt fyrir jóluunum enda hefur hún alltaf verið mikið jólabarn. Aðfangadagur rennur svo loksins upp. Fyrsta sem Lísa gerir um morguninn er að fá sér jólaþógúrt með jarðaberjabragði og súkkulaðimolum. Á meðan

Lísa situr við borðið sér hún snjóinn falla fyrir utan gluggann. Snjóinn er hvítur og fallegur og glitrar í sólinni. Mamma hennar er í eldhúsinu að undirbúa matinn en pabbi var kallaður í bæinn að sinna mikilvægri aðgerð. Svo fer að snjóa mikið. Og það snjóar meira. Mamma Lísu er orðin stressuð að pabbi hennar komist ekki heim fyrir kvöldmat. Lísa er orðin áhyggjufull og reynir að finna leið til að fá pabba heim og man þá að afi hennar á risajeppe á stórum dekkjum. Hún hringir í hann og hann fer strax af stað.

Lísa og mamma hennar eru að leggja á borðið korteri fyrir jól þegar pabbi, afi og amma birtast í stofunni. Það er á sömu sekúndu og síðasti diskurinn er settur á borðið. Á móti þeim tekur yndislegur ilmur af jólamat. Lísa hleypur til pabba og knúsar hann. Þau setjast við borðið og fá sér jólamat. Það er mikill hlátur og gleði. Lísa opnar gjafirnar sínar og er ánægð að sjá að hún fékk það sem hún óskaði sér mest. En besta gjöfin er að fá pabba aftur heim og að þau geti öll glaðst saman og hlegið.





FLÓAHREPPUR

Óskum Sunnlendingum gleðilegra
jóna og farsældar á nýju ári.

Þökkum samskiptin á árinu.



STJÓRNENDAFÉLAG
SUÐURLANDS


Sendum félagsmönnum okkar og
landsmönnum öllum bestu óskir um
gleðileg jól og farsæld á komandi ári.

Þökkum fyrir árið sem er að líða.



Óskum gestum okkar og Sunnlendingum nær og fjær
gleðilegra jóna og farsældar á nýju ári.

Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða og hlökkum
til að sjá ykkur á nýju ári.



LAUGARVATN
fontana
Geothermal Baths

Hin nýja, undursau jólástjörnuþá

Vatnsberi

20. janúar - 18. febrúar

Kæri vatnsberi, hvaða nýjungum bryddaðir þú uppá í ár? Það hvað þú getur verið ný-ungagjarn getur komið öðrum í opna skjöldu, en ekki láta það á þig fá. Þó þú sért með svart jóla-tré með bláum kúlum ætti það bara að vera öðrum innblástur til að þora að tjá sig í gegnum mátt skreyinganna.

Þú veist ekkert betra en að umvefja þig öllu fólkinu þínu og vildir helst að þið mynduð hittast aðra hverja viku, ekki bara um jólin. Það besta sem þú getur gert er að neyða boðskortum í næstu veislu upp á vini og ættingja um hátíðarnar því þá er erfiðara að segja nei. Þú gætir jafnvel gefið öllum upplifun með sjálfum þér í jólagjöf. Já, gerðu það, það er góð hugmynd!



til að vera opinn fyrir breytingum þó þér þyki best að hafa stjórna á öllu sem á sér stað í þínu lífi, en tímarnir breytast og mennirnir með og allt verður léttara ef þú bara leggst upp í sófa með tærnar upp í loft, eina ískalda malt&appelsín og færð þér nokkrar sörur á meðan þú fylgist með brjáluðu börnunum í fjölskyldunni eyðileggja jóla-skrautið þitt. Þú kaupir bara nýtt á útsölum á milli jóla og nýárs.

Naut

20. apríl - 20. maí

Kæra naut, er nokkuð komið ryk á jólagjafirnar sem þú keyptir í sumar? Þú býrð yfir stöðugleika sem fjölskylda og vinir dást af. Það hefur þó verið nóg að gera í aðdraganda desember og þér líður eins og verslunarmannahelgin sé nýafstaðin, þess vegna kom sér vel að kaupa allar jólagjafirnar í sumar, á meðan hitinn yljaði stuttbuxnaklæddum íslendingum og þú stalst til að versla eins og eina eða tvær jólagjafir í símanum, liggjandi í fellihýsinu, brosandir yfir þínum eigin skipulagshæfileikum.

Þó þú sért með allt á hreinu máttu ekki gleyma að njóta, lífið er núna, svo ekki voga þér að fara að bóka einhverja sumarfrísstaði í jólafríinu, þó það kunni að vera freistandi.



Fiskarnir

19. febrúar - 20. mars

Kæri fiskur, ertu nokkuð að kafna úr stressi? Þú ert vafalaust búinn að fönðra heilan helling af jólagjöfum, hvort sem er í formi handverks eða samsetninga fagurmótaðra matarkarfa með reyktu silungnum sem þú veiddir í Vola í sumar. Þú hefur unun af því að gefa af þér og þarft að passa þig að muna að þú mátt líka þiggja, það getur verið ansi ljúft að gleyma sér í falletum hlutum sem maður fær að gjöf.

Ekki láta jólastress annarra slá þig útaf laginu. Það er erfitt að vera jafn tilfinninganæmur og þú ert og taka allt inn á sig en í ár ættir þú að prófa að sitja hjá og láta fjölskyldu og vini sjá um stressið. Þó þú sért vissulega ómissandi þá þarf ekki allt að falla á þínar herðar og þú ættir að vera óhræddur við að útbýta verkefnum, fólkið þitt gæti jafnvel komið þér á óvart.



Tvíburi

21. maí - 20. júní.

Kæri tvíburi, er erfitt að vita ekki í hvorn fótinn þú átt að stíga? Þessi blessuðu jól komin aftur og þú fastur í hringið jólaþreyinga, jólatónleika, jólagjafainnkaupa, jólakortskrífa, smákökubaksturs og alls þess sem maður þarf að klára fyrir... blessuðu jólin. Þú ert snjall og hefur allt of mörg áhugamál sem mega alveg sitja á hakanum ein jól. Í alvöru.

Þú mátt líka alveg bara baka eina sort og semja við fjölskyldumeðlimi um að fara saman í ferðalag frekar en að versla handa þeim gjafir sem týnast í amstri dagsins. Til að koma í veg fyrir að þetta þyrmi allt yfir þig væri eflaust best að segjast bara vera veikur þegar allt of mikið er að gerast um eina helgi og eyða tíma í að gera ekki neitt nema borða þessa einu sort af smákökum og horfa á allar jólabíómyndirnar sem sjónvarpið þitt hefur uppá að bjóða, þá



ættir þú að geta mætt brattur og endurnýjaður inn í jólatörninna.

Krabbi

21. júní - 22. júlí.

Kæri krabbi, ertu ekki spennur? Þér þykir svo gott að fá að vera heima, í þínu náttúrulegu umhverfi, umvafinn þínum bestu og jólin eru einmitt tíminn til að fá þessar óskir uppfylltar, hvað þá þegar fríð nær inn í vikuna, þvílíkur bónus! En mundu að þó þú étir yfir þig um jólin þarftu bara að drekka nóg af vatni í janúar og saltið og sörurnar verða búnar að renna af þér fyrir páska. Þú mátt ekki gleyma þér í stressinu sem getur fylgt jóla umstanginu, leyfðu þér að njóta og gefðu af þér ef þú hefur tækifæri til þess, því það er jú betra að gefa en þiggja og þú með þitt stóra hjarta færð svo sannarlega mikið út úr því að gefa góðverk í jólagjöf.



Ljón

23. júlí - 22. ágúst

Kæra ljón, nú er tími falletta skemmtana, skreyinga og gleði og þú ert einmitt týpan til þess að njóta þess að skemmta þér og öðrum. Nýja árið mun færa þér ýmsar áskoranir en þín sterka hlið er að takast á við málin hreint og beint og félagsveran þín munt óvænt eignast nýtt áhugamál og vini sem mun koma þér í gegn um alla hugsanlega erfiðleika. Mundu svo um hátíðarnar að þú mátt ekki fara alveg fram úr þér en njóttu þess að eyða tíma með þeim sem eru þér nánir, það þarf oft ekki mikið til að gleðja stóra sem smáa, unga sem aldna. Kíktu á internetið og finndu einhvern skemmtilegan leik til að koma með í jólaboðið, hann mun slá í gegn!



Meyja

23. ágúst - 22. september

Kæra Meyja, þú átt það til að hafa of miklar áhyggjur og hafa þörf fyrir að skipuleggja þig um of. Jólamánuðurinn getur reynst erfiður en reyndu að slaka á, njóta og lifa í núinu. Tíminn líður hratt og það er mikilvægt að gefa sér líka tíma til að hugsa vel um



Smilega og ómissandi Dagskrárinnar

sjálfa sig, ekki bara alla hina. Ef þú tekur smá skref til baka og leyfir öðrum að hjálpa þér mun þessi árstími reynast þér mun auðveldari og minnka líkurnar umtalsvert á því að jólasteikin brenni eða það kvikni í jólatrénu. Það gæti jafnvel auðveldað þér ögn að sleppa smá takinu, kaupa dagbók og byrja frekar að skipuleggja nýja árið með einhverju spennandi og skemmtilegu einu sinni í mánuði.

Vog

23. september - 22. október

Kæra vog, þú sýnir í eðli þínu yfirleitt jafnaðar-geð en það er allt í lagi að leyfa sér að lyfta sér aðeins upp svona í desember. Það er á sama tíma mjög góður eiginleiki að geta haldið ró sinni í jólastressinu og bara leyfa sér að njóta sín í núinu. Jólatónleikar eru eitthvað sem þú ættir að skoða, hvort sem þig langar að þamba heila rútu af bjór á Baggalút eða njóta með lokuð augun í sunnlenskri kirkju mun það fylla hjartað af jólakærleik. Framtíðin er björt fyrir þig þrátt fyrir hin ýmsu mis-skemmtilegu heimsmál og þú ættir að reyna að njóta þess sem landið okkar hefur uppá að bjóða eins og útiveru (þegar það er ekki snarvitlaust veður eða mannskaða hálsa), það er gott að jarðtengja sig og njóta árstíðarinnar sem fer í hönd.



Sporðdreki

23. október - 22. nóvember

Kæri sporðdreki, vel-llukkaðar leiðindastundir með þínum nánustu eru það besta sem þú veist, þér þykir svo gott að hafa fólkið þitt hjá þér, þó þau séu ekkert alltaf skemmtileg. Þú mátt búast við nokkrum breytingum eftir hátíðirnar. Hvort sem það eru nýir nágrannar með stanslausan hávaða, óvænt ferðalög eða jafnvel nýr fjölskyldumeðlimur, mun það alls ekki eyðileggja árið heldur gefa þér nýja innsýn og reynslu sem mun nýtast seinna á lífsleiðinni. Endilega njóttu sem allra best þess tíma sem þér gefst til að gefa og upplifa með vinum og fjölskyldu þrátt fyrir að allar jólakúlurnar séu kannski ekki á réttum stað.



Bogmaður

23. nóvember - 22. desember

Kæri bogmaður, þú ert ekta jólabarn sem lifir og þrífst á jólahasarnum. Nú þegar aðventan er meira en hálfnuð ertu langt kominn með að byrja að skreyta hjá nágrannanum sem virðist ekki hafa neinn tíma til að gera það sjálfur. Ekki láta þetta fara í taugarnar á þér, nágranna greyð



hlýtur að fara að komast í jólafrí og þú getur einbeitt þér að því að fullkomna jólagjafirnar sem eru nálægt því að fylla heimilið. Mundu samt, kæri bogmaður, að njóta þess að vera í núinu, anda að þér jólaílmnum (hvort sem hún kemur af hýasintu, jólatré, matvælum eða kerti), loka augunum og þakka fyrir allt það góða sem þú átt.

Steingeit

23. desember - 20. janúar

Kæra Stein-geit, þú þraukar það sem eftir er af þessum mánuði. Ekki gleyma að hann endar á nýju ári, fullu af nýjum ævintýrum og markmiðasetningum, sem þú elskar. Desember getur reynst þér erfður því hann er uppfullur af viðburðum sem þú hefur ekki nema takmarkaða stjórn á og það sem þú skipulagðir fyrir mörgum mánuðum síðan gæti runnið út í sandinn. Þolinmæði þín kemur að góðum notum hér, því þú kannt að anda að þér blómailm með lokuð augu, og blása á kertið þegar allt þyrmir yfir þig, þú þarft bara að muna eftir þessari einföldu aðferð í amstri dagsins og muna að þetta tekur allt enda og yfirleitt er aðfangadagskvöld bara frekar næs, þegar stressið er búið.




Þessi stjörnuþá er ekki byggð á vísindalegum rannsóknum, heldur tilfinningu spákonu á stöðu merkjanna í desember. Engu merkjanna ber skylda til að fylgja ráðum spárinnar en eru eindregið hvött til þess.

Jóla- og áramótakveðja

Sendum íbúum Hrunamannahrepps, sumarhúsaeigendum, viðskiptavinum og öðrum velunnurum nær og fjær hugheilar jóla og nýárskveðjur.

Með kærum þökkum fyrir ánægjulegt samstarf og skemmtilegar samverustundir á árinu sem er að líða.

Sveitarstjórn og starfsfólk
Hrunamannahrepps



Rangárbíng ytra

Við óskum Sunnlendingum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Innilegar þakkir fyrir góðar stundir á árinu sem er að líða.



HVERAGERÐISBÆR

Bæjarstjórn og starfsmenn Hveragerðisbæjar senda hugheilar jólakveðjur til þín og þinna með ósk um hamingju og góða heilsu á nýju ári. Við þökkum skemmtilegar samverustundir og gott samstarf á árinu sem er að líða.



Bláskógarbyggð

Kæru Sunnlendingar!

Við óskum ykkur gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári! Þökkum fyrir góðar stundir á liðnu ári.



ÖLFUS

Sveitarfélagið Ölfus sendir Sunnlendingum öllum bestu óskir um gleðileg jól og farsældir á komandi ári.

Þökunum góðar stundir á árinu sem er að líða.

Sveitarstjórnarar í jólasþingi

Hulda Kristjánsdóttir
Flóahreppur



Jólin mega koma þegar... jólasveinarnir á aðfangadagsmorgun hafa heimsótt okkur og þegar við höfum belgt okkur út af möndlugraut í hádeginu hjá mömmu og pabba. Jólaveinarnir eru yfirleitt mjög hrekkjöttir og æða um allt hús þannig að það borgar sig ekki að skúra fyrir en eftir komu þeirra. Þeir hafa meira að segja stungið öðrum stráknum mínum í pokann sinn og ætluðu að taka hann með sér og síðast settust þeir í rólegheitum í stofuna og sögðust vera fluttur inn! Þetta eru hefðir sem við viljum halda í sem lengst á aðfangadag.

Jólakaka með rúsínum eða brún lag-terta? Brún lagterta, helst frá tengdamömmu, verður fyrir valinu.

Uppáhalds jólaminningin mín... er aðfangadagskvöld heima í Forsæti 4 í algjöru rafmagnsleysi þegar ég var barn. Ég man meira að segja hvað ég fékk í jólagjöf frá mömmu og pabba þetta kvöld. Jólamaturninn var borðaður frekar seint því það gekk hægt að klára mjaltir í rafmagnsleysinu. Ég á auðvitað ótal góðar jólaminningar frá því ég var barn og svo hafa skapast nýjar og góðar minningar í seinni tíð þegar við fórum að halda okkar jól. En samvera fjölskyldunnar er það sem skapar mikilvægustu og sterkustu minningarnar mínar.

Hvað er á jólaborðinu? Oft hamborgarhryggur en stundum lamb eða kalkúnn. Í ár verður líklega tvírétt til að mæta þörfum allra en ásamt okkur fjölskyldunni þá borða foreldrar mínir með okkur á aðfangadagskvöld.

Jólamynd eða jólabók? Það er mjög stór partur af aðdraganda jólna að glugga í gegnum Jólin koma eftir Jóhannes úr Kötlum með krökkunum mínum. Annars er það myndin A Christmas Carol sem við fjölskyldan horfum alltaf á saman fyrir jólin.

Uppáhalds jólasveinninn minn er... Stekkjastaur. Það er svo mikil spennan fyrir komu fyrsta jólasveinsins – bæði í minningunni sem barn og að upplifa spennuna í gegnum mín börn í dag.

Elliði Vignisson
Sveitarfélagið Ölfus



Jólin mega koma þegar... fjölskyldan er saman komin. Fyrir ótrúlega skömmum tíma fannst mér ekkert sjálfsgaðara en við Bertha, konan mín, værum með börnin hjá okkur alla aðventuna og auðvitað um hátíðarnar. Nú er öldin önnur og þau á þvælingi um allan heim. Hingað til höfum við þó verið svo heppin að vera öll saman, öll jólin síðan þau fæddust. Ég er þakklátur fyrir það þegar við komum saman.

Jólakaka með rúsínum eða brún lagterta? Brúnalagkakan hennar mömmu tilheyrir jólunum en jólakakan sjálf var hversdagsmeðlæti á mínu æskuheimili.

Ég vel því brúna lagkökuna, sem merki-legt nokk er hrikalega góð með hnausþykkum porterbjór.

Uppáhalds jólaminningin mín er... Þær eru nú margar. Ég hugsa að það sem sterkast tengist bernskujólunum sé að fara í bað á þorláksmessu og í hreint rúmið á eftir. Þegar við Svavar bróðir bjuggum báðir í Eyjum með okkar börn hittumst við ætíð á aðfangadagskvöld og spiludum „grúku“ þar sem keppt var um farandsbikar með miklu húllúmhæi, það eru mjög góðar minningar því tengdar. Svo verða náttúrulega til nýjar hefðir eftir því sem fjölskyldan breytist. Mörgum þætti það nú ef til vill helgispijöll en seinustu ár hafa uppkomin börnin mín boðið upp á nýjan jólakokteil á hverju ári, sem sannarlega skapar skemmtilegar minningar í bland við allt hitt.

Hvað er á jólaborðinu? Við höfum haldið í jólahefð frá Presthúsum í Vestmannaeyjum þar sem móður afi minn og amma bjuggu og borðum lærisneiðar sem eru fylltar með beikoni og ávöxtum ásamt rjómasalati og brúnuðumkartöflum á aðfangadag. Í eftirrétt eru svo heimilagða Crem Brulé. Á jóladag borðum við svo hangikjöt hjá mömmu og sítrónufrómas í eftirrétt.

Jólamynd eða jólabók? (Hvaða mynd eða bók?) Hvorugt er sterk jólahefð hjá okkur. Við lesum mikið, og þá sérstaklega Bertha, og auðvitað gluggum við í bækur um jólin. Þá hefur það stundum gerst að tekið sé Harry Potter eða Lord of the rings maraþon. Sjálfur reyni ég að tefla sem mest um hátíðarnar en það er nú sennilega eitt af mínum helstu áhugamálum.

Uppáhalds jólasveinninn minn er... Stúfur. Ástæðan er sú að hann er eini jólasveinninn sem þorði að gefa henni Bjartey dóttur minni kartöflu í skóinn þegar hún var lítil. Það bitnaði reyndar hressilega á kallgreyni af því að hann dó þar með í huga Bjarteyjar og öll árin eftir það setti hún ekki skóinn út í gluggan þegar Stúfur kom af þeirri ástæðu að hann væri fáviti.

Anton Kári Halldórsson
Rangárþing eystra



Jólin mega koma þegar... ég er búin í ísköldu jólabaðinu (allir í fjölskyldunni búnir í baði og heitavatnið á kútnum uppurið)

Jólakaka með rúsínum eða brún lagterta? Brún lagterta allan daginn, þar sem kremrendurnar eru þykkari en kak-an.

Uppáhalds jólaminningin mín er... þegar ég fékk strauborð í jólagjöf....

Hvað er á jólaborðinu? Það mun vera grillaður humar í forrétt, ásamt grafinni gæs. Aðalréttur er hamborgarhryggur með öllu tilheyrandi, þar er súrkálið hennar ömmu Lottu mest ómissandi. Eftirrétturinn er svo hinn eini sanni Jódís.

Jólamynd eða jólabók? Ég myndi frekar segja jólabók. Þá er það bókin sem ég

fæ frá jólasveinum á aðfangadag þegar þeir skondrast á milli húsa. Eins undarlegt að það kann að hljóma að þá er líklega Stella í orlofi líklega uppáhalds jólamyndin mín...

Uppáhalds jólasveinninn minn er... Sem barn var ég nú alltaf frekar smeykur við jólasveina. En ætli það sé ekki bara hann Stúfur, nettur lítill kall.



Jón G. Valgeirsson
Rangárþing ytra



Jólin mega koma þegar... ég er búinn að pakka inn jólagjöfunum til konunnar á aðfangadag.

Jólakaka með rúsínum eða brún lagterta? Brún lagterta, rúsínur eru ofmetin fæða.

Uppáhalds jólaminningin mín er... Imurinn af jólamatnum, hangikjöt hefur þar töluverð áhrif

Hvað er á jólaborðinu? Hamborgarhryggur með öllu tilheyrandi

Jólamynd eða jólabók? (Hvaða mynd eða bók?) Die Hard með Bruce Willis, engin spurning

Uppáhalds jólasveinninn minn er... Stekkjastaur, er að nálgast þann aldur.



Fjola Steindóra Kristinsdóttir
Sveitarfélagið Árborg



Jólin mega koma þegar... jólasveinarnir koma til byggða á G&T rútunni.

Jólakaka með rúsínum eða brún lagterta? hvorugt, flatkaka með hangikjöti (best í heimi).

Uppáhalds jólaminningin mín er... fyrstu jólin mín eftir að ég hóf búskap allt eitthvað svo dásamlegt við þá minningu.

Hvað er á jólaborðinu? Lambalæri, brúnaðar kartöflur, Ora grænar, rauðrófur, sulta og brún sósa.

Jólamynd eða jólabók? Jólamynd: The Holiday.

Uppáhalds jólasveinninn minn er... að sjálfsgöðu Bjúgnakrækir við elskum bæði heimagerð hrossabjúgu.



Einar Kristján Jónsson
Skaftárhreppur



Jólin mega koma þegar... ég sest með fjölskyldunni við jólaborðið á aðfangadag

Jólakaka með rúsínum eða brún lagterta? Brún lagterta eins og amma Sigga gerði

Uppáhalds jólaminningin mín er...

ætli bestu minningarnar í núinu séu ekki fyrstu jól barnanna. Í æsku var það spenn-ingurinn að hitta alla ættinga á jóladag og annan dag jóla.

Hvað er á jólaborðinu? Rjúpur með öllu tilheyrandi, hangikjöt og laufabrauð

Jólamynd eða jólabók? (Hvaða mynd eða bók?) jólamynd með fjölskyldunni - Home alone eða Christmas Vacation

Uppáhalds jólasveinninn minn er... Stekkjastaur af því að hann var fyrstur



Valtýr Valtýsson
Ásahreppur



Jólin mega koma þegar... hugur og hjarta eru tilbúin að að taka í móti jólagleði í faðmi fjölskyldunnar.

Jólakaka með rúsínum eða brún lagterta? Jólakaka með rúsínum

Uppáhalds jólaminningin mín er... fyrstu jól mín og konu minnar ásamt 2 mánaða frumburði. Ég hafði keypt handa henni hálsmen með demanti. Ég var eins og litlu börnin og gat ekki beðið eftir að klukkan yrði 18:00 og fékk konuna til að opna gjöfina sína fyrir svo hún gæti borið hálsmenið meðan við snæddum jólamatinn.

Hvað er á jólaborðinu? Hinir ýmsu smaréttir. Tvíreykt hangikjöt, grafið folald, grafin gæsabringa, andabringa, hreindýr og að ógleymdri kaviárrönd.

Jólamynd eða jólabók? Aðventa eftir Gunnar Gunnarsson

Uppáhalds jólasveinninn minn er... Stúfur, við erum örugglega í sama stærðarflokki.



Aldís Hafsteinsdóttir
Hrunamannahreppur



Jólin mega koma þegar... stórfjölskyldan er búin að fara sinn árlega heimsóknarhring á milli heimila í Hveragerði, eftir hádegi á aðfangadag. Dásamleg hefð sem við höfum fyrir löngu gert ómissandi. Ekkert er mikilvægara eða dýrmætara en fjölskyldan og því erum við mikið saman um jólin eins og reyndar yfir árið allt.

Jólakaka með rúsínum eða brún lagterta? Brúna lagtertan frá Myllunni með sultu og smjörkremin er bara jólin fyrir mér. Ég hef aldrei sjálf bakað lagtertu en ætla mér alltaf að gera það. Svo gerir mamma guðdómlega hvíta lagtertu og gefur okkur stundum eina lengju. Það er auðvitað ekkert betra.

Uppáhalds jólaminningin mín er... spennuþrungin augnablikið þegar mamma og pabbi dunduðu sér löturhægt í uppvaskinu á aðfangadagskvöld og við systkinin vorum að farast úr spennungi yfir gjöfunum og fannst tíminn aldrei ætla að líða. Einnig eru reyndar þor-

láksmessukvöld á Selfossi ómissandi enn í dag. Áður fyrr heimsóttum við ættlingjána og kirkjugarðinn og nú förum við ávallt í kirkjugarðinn en þar hvílir pabbi og stóri bróðir okkar ásamt frændgarðinum pabba megin. Selfosskirkjugarður á Þorláksmessukvöld er yndislegur staður og að hlusta á jólakveðjurnar á leiðinni heim er eitthvað annað – þá eru jólin komin hjá mér.

Hvað er á jólaborðinu? Lárus minn er matreiðslumeistari og á fyrstu árum búskapar okkar vorum við alltaf með eitthvað framandi í matinn eins og til dæmis rjúpur eða önd. En eftir grát og gnístran barnanna hættum við þessu og tókum upp matseðil móður minnar sem er aspásúpa, lambahryggur og súkkulaðimús. Eftir það hefur enginn kvartað yfir jólamatnum.

Jólamynd eða jólabók? Ég get ekki haldið jól nema að sjá Family Stone, sígilda frábæra jólamynd sem reyndar er ekki á Netflix heldur á einhverri annarri skráttinni sjónvarpsrás sem yngri kynslóðin er áskrifandi að. Þannig að núna er ég búin að panta að passa barnabörnin eitt kvöldið fyrir jól. Þau verða svæfð snemma svo amma geti horft á Family Stone. Svo er Arnaldur ómissandi um hver jól.

Uppáhalds jólasveinninn minn er... Kertasníkir!

Einar Freyr Elínarson
Mýrdalshreppur



Jólin mega koma þegar... ég fæ leyfi til að hengja jólaseriuna á húsið og búið er að kaupa miða á Baggalút.

Jóla-kaka með rúsinum eða brún lag-terta? Brún lagterta allan daginn – rúsinur eiga bara að borðast súkkulaðihúðaðar með hnetum.

Uppáhalds jólaminningin mín er... samvera og spil með stórfjölskuldinni í árlegu jólaboði heima í sveitinni.

Hvað er á jólaborðinu? Humarsúpa að hætti mömmu, hamborgarhryggur og heimagerður ís.

Jólamynd eða jólabók? Lethal Weapon.

Uppáhalds jólasveinninn minn er... Kertasníkir – hann var yfirleitt rausnarlegastur með skógljöfina.

Haraldur Þór Jónsson
Skeiða- og Gnúpverjahreppur



Jólin mega koma þegar... fjölskyldan er komin saman til að njóta jólna saman. Oft hefur verið mikið að gera í aðdraganda jólna en þegar allir eru komnir saman á aðfangadag þá fyrst hefjast jólin.

Jóla-kaka með rúsinum eða brún lag-terta? Brúna lagtertan hennar mömmu er sú allra besta og hlakka ég sérstaklega til að borða hana með ískaldri mjólk.

Uppáhalds jólaminningin mín er... árið sem sósan með jólamatnum var hvít en ekki brún. Í jólahreingerningunni hafði frúin tekið eftir því að sósuliturinn var úrrunninn fyrir nokkrum árum og fór hann

í ruslið. Þegar ég var svo að gera sósuna rétt fyrir kvöldmatinn greip ég í tóm, enginn sósulitur til og búið að loka öllum búðum. Þetta hefur ekki klikkað síðan og nú athuga ég sérstaklega fyrir jólin hvort það sé ekki örugglega til sósulitur.

Hvað er á jólaborðinu? Jólamatinn sé ég um að elda. Hann er alltaf sá sami og má alls ekki breyta honum. Kalkún-abringa fyllt með döðlum, fetaosti og lauk. Með þessu er hefðbundið meðlæti, gular, grænar, sykurbúnaðar kartöflur og brún sósa.

Jólamynd eða jólabók? Ég hef aldrei verið mikið fyrir bókalestur, svo jólamynd verður fyrir valinu. Sú mynd sem oftast hefur verið horft á um jólin er Home Alone, þá sérstaklega fyrsta myndin.

Uppáhalds jólasveinninn minn er... Skyrghámur, enda hef ég borðað ógrynni af skyri í gegnum árin.

Íða Marsibil Jónsdóttir
Grímsnes- og Grafingshreppur



Jólin mega koma þegar... Búið er að taka létt jólaþríf á heimilinu og setja það í sparibúninginn, krakkarnir komnir í jólafrí í sínum skólum.

Jóla-kaka með rúsinum eða brún lag-terta? Brún lagterta.

Uppáhalds jólaminningin mín er... Jólaboðin hjá ömmu og afa í Hofi á Bíldudal voru ein af föstu hefðunum í æskunni.

Hvað er á jólaborðinu? Grafinn lax í forrætt, hamborgarhryggur með tilheyrandi í aðalrétt og ananasfrómas í eftirrétt.

Jólamynd eða jólabók? Ég horfi yfirleitt á myndina Holiday á aðventunni... núorðið með einkadótturinni en hún er fjórtán ára.

Uppáhalds jólasveinninn minn er... Hurðaskellir.

Geir Sveinsson
Hveragerðisbær



Jólin mega koma þegar... ég er kominn heim á aðfangadag og undirbúningurinn og elda-mennskan hefst, því mér finnst sú stund, ekkert síðri en máltíðin og kvöldið sjálft...

Jóla-kaka með rúsinum eða brún lag-terta? Ég held ég velji þá brúnu...

Uppáhalds jólaminningin mín er... Þegar ég lék jólasvein á Spáni 24. des 1989 fyrir íslenska vini mína sem voru mínir nágrannar og höfðu þann sið að jólasveinin kæmi með gjafirnar til þeirra. Mjög svo stressaður að 5 ára sonur þeirra myndi átta sig á hver ég væri og ég eyðilegði trú barnsins á jólasveininn. En það slapp... Þess má geta að þessi 5 ára er Arnór Atlason, þjálfari í Danmörku og fyrrverandi landsliðsmaður í handbolta.

Hvað er á jólaborðinu? Yfirleitt einhver villbráð...

Jólamynd eða jólabók? Jólamynd... Eða réttara sagt jólamyndir... Í desember

er horft á nokkrar klassískar myndir, þær sömu jól eftir jól.

Uppáhalds jólasveinninn minn er... Stekkjastaur... þar sem ég lék hann í skólaleikriti í grunnskólanum fyrir mjög svo mörgum árum...

Ásta Stefánsdóttir
Bláskógabyggð



Jólin mega koma þegar... allir eru komnir til síns heima og tilbúnir að halda jól.

Jóla-kaka með rúsinum eða brún lag-terta? Brún lagterta, ekki spurning. Mamma bakar þá bestu og það er mjög eftirsótt að mæta í kaffi þegar hún er sett saman og gæða sér á því sem er skorið utan af – stökkt og gott með kremi og sultu.

Uppáhalds jólaminningin mín er... frá bernskujólum í sveitinni, í minningunni var alltaf gott skautasvell um jólin og þar héldum við systkinin okkur gjarnan ásamt stórum hópi frændsystkina. Skautar voru algeng jólagjöf – og já smá vink

hérna til jólasveinsins, mig vantar nýja skauta.

Hvað er á jólaborðinu? Það er alltaf það sama – og þykir frekar gamaldags. Rasp-steiktur lambakótilettur og lærissneiðar með ýmsu meðlæti. Þar sem fjölskyldu-meðlimir hafa hver sinn smekk hvað varðar eftirrétti þá hefur það þróast út í eftirréttahlaðborð, þar sem allir fá eitt-hvað við sitt hæfi.

Jólamynd eða jólabók? Aðventa eftir Gunnar Gunnarsson er klárlega jólabókin, ásamt Jólin koma eftir Jóhannes út Kötum, en þær eru komnar á sófaborðið og það verður gluggað í þær fram að jólum. Jóla-jóðabókin Koma jól? eftir Hallgrím Helgason og Rán Flygenring er líka skemmtileg lesning um Grýlu, dætur hennar og jóla-köttinn. Aðrar góðar eru Þegar Trölfi stað jólnum eftir Dr Seuss, Jólasveinabókin eftir Rolf Lidberg, Jóla-gestir hjá Pétri eftir Sven Nordqvist, Jól í Ólátagarði og Víst kann Lotta næstum allt eftir Astrid Lindgren – já ég vex ekki upp úr barnabókum og þessar ættu að vera skyldueign á hverju heimili.

Uppáhalds jólasveinninn minn er... Kertasníkir, sá síðasti í röðinni.



HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

Heyrnarþjónustan Heyrn óskar öllum landsmönnum gleðilegrar hátíðar, heyrumst á nýju ári.

Hlíðasmára 19, 201 Kópavogur - Sími 534 9600 - heyirn.is



Óskum öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs Þökkum fyrir liðandi ár

Jóla

myndagáta

Dagskrárinnar

Lausnir berist í síðasta lagi
Þriðjudaginn 2. janúar 2024, merktar:

Jóla-myndagáta

Dagskráin, Eyravegi 25, 800 Selfoss

Veitt verða ein verðlaun fyrir rétta lausn:
Ísveisla frá Kjörís, þ.e. konfektísterta,
4 lítra mjúkis og 2 pk. íspinnar.

Nöfn vinningshafa verða birt í
Dagskránni 4. janúar 2024 og þá
um leið lausn myndagátunnar.

Ath! Gerður er greinarmunur á
breiðum og grönnum sérhljóðum.

Höfundur myndagátnanna er
Eygló Gränz, eins og undanfarin 27 ár.



Skrifið lausn gátunnar hér:

Jóla

barnamyndagáta

Dagskrárinnar



Skrifið lausn gátunnar hér:

Lausnir berist í síðasta lagi þriðjudaginn 2. janúar 2022, merktar:

Jóla-myndagáta, Dagskráin, Eyravegi 25, 800 Selfoss

Veitt verða ein verðlaun fyrir rétta lausn: Frostpinnaveisla frá Kjörís.

Ath! Gerður er greinarmunur á breiðum og grönnum sérhljóðum.

Nöfn vinningshafa verða birt í Dagskránni 4. janúar 2024

og þá um leið lausn myndagátunnar.



Gefðu gjöf sem gleður allt næsta ár
Húsfreyjan er frábær jólagjöf

Það er snjallt að gefa árskrift að Húsfreyjunni í jólagjöf. Húsfreyjan er jákvætt og hvetjandi tímarit sem er bæði hluti af menningu og sögu íslenskra kvenna og nútímalegt, fróðlegt og fjölbreytt. Hún er á óskalista margra kvenna sem hafa áhuga á lífsstíl og líðan, handavinnu og matargerð. Í Húsfreyjunni eru fróðleg og gefandi viðtöl við konur víðs vegar að af landinu.

Húsfreyjan kemur út fjórum sinnum á ári; í febrúar, maí, september og nóvember. Er í boði bæði prentuð og heimsend til áskrifenda og rafræn.

Ársáskrift árið 2024 er
6.900 kr. fyrir fjögur blöð
Falleg gjafabréf í boði

Hafið samband við skrifstofu
Kvenfélagsambands Íslands:
husfreyjan@kvenfelag.is - sími 552 7430



HJÓLUÐU 1200 KM MEÐ ÞRÍJÚ UNG BÖRN

„Eins og
að horfa á
bíómynd“

Hjónin Sólveig Dröfn Andrésdóttir frá Hveragerði og Einar Þorfinnsson frá Selfossi (Denni) fóru, ásamt þremur börnum sínum, Örvari Þór 9 ára, Andrési 5 ára og Unndísi Evu 2 ára í fjölskylduferð út fyrir landsteinana í haust. Það sem sker þau þó frá hinum hefðbundnu íslensku ferðamönnum var ekki bara sú staðreynd að þau slepptu viðkomu á Tenerife, heldur flugu þau til Zurich í Sviss og héldu hjólandi 1200 km leið meðfram ánni Rín, með viðkomu í Frakklandi, Þýskalandi og Hollandi, þaðan sem þau flugu heim. Sólveig deildi ferðasögunni með okkur hjá Dagskránni og eftir lesturinn er lítill vafi á að þau fjölskyldan verði einhverjum ævintýragjörmum foreldrum til fyrirmyndar í svipuðum ævintýraferðum. Við gefum Sólveigu orðið.

Við fjölskyldan lögðum land undir fót og skelltum okkur í ævintýraferð þann 16. september til 8. október. Planið var að hjóla meðfram ánni Rín. Við flugum til Zurich í Sviss þar sem ferðin byrjaði, hjóluðum meðfram ánni í gegnum Sviss, Frakkland, Þýskaland og Holland, flugum svo heim frá Amsterdam.

„Hægt að njóta þess sem fyrir augu ber“

Ferðin var 23 dagar, þar af 20 hjóladagar. Heildarvegalengdin var 1200 km, 60 km að meðaltali á dag. Áskorunin var skemmtileg, yndisleg, ævintýraleg, stundum erfið og allt þar á milli. Það eru margar góðar ástæður fyrir því að hjólið er einstaklega skemmtilegur ferðamáti. Fyrir það fyrsta er þetta góð hreyfing sem hentar mjög mörgum, í öðru lagi er hægt að njóta þess sem fyrir augun ber og alltaf hægt að stoppa til þess að skoða betur og í þriðja lagi er hægt að komast yfir nokkuð langar dagleiðir.

Eftirminnilegar ferðir úr æsku mótuðu ferðaáhugann

En hvað varð til þess að við ákveðum að leggja upp í þetta ferðalag? Aðalástæðan er ekki ein af þessum sem ég nefndi hér áðan þó að þær eigi þátt í því. Það er löng



Sólveig Dröfn Andrésdóttir og Einar Þorfinnsson ásamt börnum sínum Örvari Þór (9), Andrési (5) og Unndísi Evu (2).

saga að baki en við fjölskyldan höfum notað hjólið mikið í gegnum tíðina. Frá því ég var lítill stelpa hef ég farið í ófá ferðalög með fjölskyldu minni, bæði héraðslendis og erlendis. Við höfum farið í ófáar tjaldferðir á hjóli um nágrenni Hveragerðis og víðar. Við hjóluðum þá yfirleitt frá Hveragerði með „allt á bakinu“ og tjölduðum t.d. upp á Hellsheiði. Í eitt skiptið fórum við með ferjunni Baldri frá Stykkishólmi og hjóluðum suðurfirðina á Vestfjörðum. Allar þessar ferðir eru mjög

eftirminnilegar og hafa mótað áhuga minn á ferðalögum, hreyfingu og ekki síst samveru með fjölskyldu og vinum. Þetta þótti öðruvísi ferðamáti fyrir 25 árum, og þótti sumum þetta hálf skrítið og mikil fyrirhöfn.

Góð saman

Í dag eru hjólréiðar orðnar mun algengari og margir nota hjólið sem samgöngumáta. Sem betur fer er ég heppin að hafa nælt mér í maka sem hefur haft áhuga á hjólréiðum og gert að sínum lífsstíl. Denni notar mikið hjólið sem samgöngumáta til og frá vinnu, sem hentar vel því við erum bara á einum bíl. Þetta er í nokkuð góðri samvinnu hjá okkur, hann sér alfarið um allar viðgerðir á hjólunum og allt sem þarf að kaupa í kringum það, ég sé um skipulags hlutann. Við hjóluðum ýmsar leiðir á Íslandi áður en við eignuðumst börnin, ýmist ein eða með fjölskyldu okkar eða vinum. Við fórum t.d. strandirnar, upp á Hellsheiði, í kringum Þingvallavatn, hluta af Kjöl, Laugavegin og ýmsar leiðir á sunnanverðum Vestfjörðum þegar við bjuggum þar.

Samtvinna áhugamálið og samverustundir með fjölskyldunni

Þegar við eignuðumst börn var markmið okkar að taka þau með eins og hægt var og rækta sambandið við þau á sem fjölbreyttastan hátt. Þannig er hægt að slá

tvær flugur í einu höggi, að sinna áhugamáli sínu oft og auka samverustundir með fjölskyldunni. Mér þykir vænt um minningarnar sem að ég á frá því ég var yngri frá ferðalögum og finnst það mjög mikilvægt að gefa mínum börnum líka þennan grunn. Fyrsta hjólréiða útilegan okkar eftir að börnin komu til sögunnar var farin í Landeyjunum, þægilega flatt til að byrja fyrstu ferðina. Síðan þá höfum við farið í margar hjóla-tjaldferðir þar sem við hjólum á milli svæði eða hjólum út frá einum stað. Það getur verið flókið að skipuleggja hjólaferðir hér heima sem hentar fyrir fjölskyldu. Leiðin þarf að vera örugg fyrir bílum og hún þarf að henta mörgum getustigum. Við höfum lengi vitað að hjólréiðarstíga kerfið í Evrópu er mun betra og stærra en hér heima á Íslandi þar sem er sjaldan gert ráð fyrir hjólandi umferð, nema þá helst á Höfuðborgarsvæðinu. Við fjölskyldan erum reyndar afar ánægð með nýja sveitavegin á milli Hveragerðis og Selfoss og höfum nýtt okkur þann veg til þess að fara í fjölskyldu hjólaferðir.

Tvö sett af fötum og heill haugur af búnaði

Þegar hugmyndin af þessari ferð kom upp þurfti ekki mikið til þess að sannfæra fjölskylduna og var allt sett á fullt í skipulagningu. Gera þurfti nákvæman lista yfir hvað þurfti að hafa meðferðis, öllum óþarfa var sleppt. Hver og einn fékk 2 sett af fötum með sér og var planið að notast við þvottavélar á tjaldsvæðunum. Allur búnaður þarf að vera eins léttur og fyrirferðarlítill og hægt er. Við fundum okkur gott fjögurra manna göngutjald með góðu fortjaldi sem var mjög mikilvægt til þess að hægt væri að geyma allar töskur og skó inni yfir nóttina. Annað sem þurfti af útbúnaði var ferðavagn, ljós á hjól, hjálmar, Macride (barnasæti á hjól), auka slöngur, pumpu, viðgerðarsett, hlekki, smurefni, svefnpokar, dýnur, uppblásna koddar, ljós, þvottasúru fyrir fót, hleðslubanka, ketill, pottur, hnifapör, bolla, prímus, beittan hníf, sápu, uppþvottabursta, tusku, viskastykki, kveikjara, pönnu, kaffikanna og skyndihjálpartösku. Einnig þurfti ýmis konar snyrtidót, þvottaefni, blautþurrkur, bleyjur, fót til þess að sofa í, hlýðarföt, regnföt, sandala og sundföt. Þessu þurfti svo að koma fyrir í töskunum. Það er ýmislegt sem getur komið uppá í svona ferðalagi og þess vegna þurfti allt að vera við aðgengilegt til þess að auðvelt væri að sækja ef á þurfti að halda.

Planið að njóta daganna

Við pökkuðum með góðum fyrirvara til þess að sjá hvort að allt kæmist vel fyrir. Við tókum líka æfingaferð hér heima með allan farangurinn til þess að sjá hvort að við gætum ekki örugglega hjólað með hann. Lengsta æfingaferðin okkar var 40 km sem er helmingurinn af lengstu dagleiðinni úti. Þessi æfingaferð var reyndar



Sólveig á faraldsfæti með fjölskyldunni árið 1997.

framkvæmd í eka íslensku rokrassgati svo hún var alveg á við 60 km dagleið. En við vorum lítið stressuð fyrir löngum dagleiðum, planið var að hafa dagana vel fyrir okkur og njóta á leiðinni. Þetta myndi alltaf hafast á endanum. Við teljum okkur líka vera búin með óheppnis-skammtinn í hjólaferðum erlendis.

„Stutt en afar eftirminnileg hjólaferð“

Haustið 2022 ætluðum við hjónin að fara í brúðkaupsferðina en við giftum okkur 2016 og vorum ekki búin að gefa okkur tíma. Planið var að hjóla í kringum Mont blanc. Stuttu útgáfan af þeirri ferð er sú að ég fótbrotnaði á fyrsta degi eftir 30 km, eiginmaðurinn þurfti því að bera konuna niður af stígunum, við fengum far hjá strætó á næsta tjaldsvæði og komumst til læknis daginn eftir. Stutt en afar eftirminnileg hjólaferð engu að síður. Þessi leið er geymd en ekki gleymd og verður farin síðar.

En aftur að undirbúningnum. Til þess að koma hjólunum og farangrinum fyrir fengum við hjólaþakka úr næstu hjólabúð. Við höfðum pantað flugsæti án farangurs (bara handfarangur) og bættum við „odd size“ farangri. Við notuðum fjóra kassa, eitt hjól í hvern kassa ásamt hjólatöskum, ferðavagninn fór sér. Til þess að koma fjórum risa kössum á flugvöllinn þurfti svo farangurskerru og bílstjóra. Það gekk vel að koma okkur á flugvöllinn og koma kössunum fyrir, enda einstaklega þægilegur flugvöllurinn hér heima.

Fyrri met í kílómetrafjölda bætt á fyrsta degi

Þegar út til Zurich var komið beið okkar það verkefni að setja hjólin saman. Denni fékk það hlutverk að mestu en ég sá um að koma börnunum í hjólaftötin og ganga



Mjög margir skemmtilegir leikvællir og listaverk urðu á vegi fjölskyldunnar á leiðinni sem tilvalið var að stoppa hjá og skoða.



Fjölskyldan ásamt Eyberg litla.

frá farangri. Snilldin við að lenda í Zurich var að við gátum hjólað beint frá flugvælinum og út á leiðina, og kláruðum við það á fyrsta degi, strax búin að bæta fyrri met í kílómetrafjölda á hjóli á erlendri grundu.

Fyrstu tvo dagana var sólskin og logn hjá okkur. Við sáum svo ótal margt sem gaman er að upplifa á hjólinu. Við sáum flottar byggingar, ýmsar gerðir af ökrum, dýrum og listaverkum. Krakkarnir voru dugleg frá upphafi og vildu alltaf halda áfram eftir pásur. Við höfðum hugsað vel fyrir því að börnin myndu hafa það eins gott og hægt var í ferðinni.

Við vorum með þá yngstu, Unndísi Evu sem er 2 ára, á Macride, sem er sæti ofan á fram stönginni á hjólinu hjá mér. Miðjan okkar, Andrés sem er 5 ára, var með teygjuspotta sem að hann gat hengt í pabba sinn og fengið auka kraft. Elsti, Örvar Þór sem er 9 ára, hjólaði einn og

óstuddur alla ferðina, fyrir utan 5 km sem að hann fékk að prófa að vera í teygjuspottanum.

Létu rigninguna ekki á sig fá

Við hjóluðum ýmist í Sviss eða Þýskalandi sem var skemmtileg upplifun, að vera alltaf að skipta um lönd. Á þriðja degi byrjaði dagurinn með rigningu. Þá var ekkert annað að gera en að fara í regnfötin. Rigningin var ekkert sem stoppaði okkur enda var hún hlý á þessum árstíma og kemur yfirleitt lóðrétt niður. Við lentum aldrei í rigningu í heilan dag. Þetta voru örfáir dagar sem komu dropar og stóð þá yfir í stuttan tíma.

Strax fyrstu dagana vorum við búin að sjá mikið af dýrum sem voru í síkjunum og í eða við ána. Það er gaman að sjá aðrar tegundir en þær sem eru heima á klakanum og hægt að gleyma sér við að fylgjast með þeim. Þriðju nóttina okkar

gistum við á niðurníddu tjaldsvæði. Þar vantaði klósettappír, sápu og sturtarnar voru of skítugar til þess að geta farið í þær. Við bundum vonir við að komast í sturtu og þvottavél á næsta tjaldsvæði.

Spotify í botni hélt öllum vakandi

Tjaldsvæðin eru mörg meðfram Rín. Þau eru mjög misjöfn eins og þau eru mörg en flest eru þau góð. Fjórði dagurinn var sá næst lengsti í ferðinni. Veðrið lék við okkur og allir voru til í að halda áfram ferðalaginu. Við skoðuðum stjörnulaga virkið í kringum bæinn Neuf-Brisach og Maginot line sem er lengsta varnarlína í heimi á eftir Kínamúrnum. Það skapast ýmsar umræður þegar við skoðum sögulega minjar eins og þær sem við sáum í þessari ferð sem er skemmtilegt og kryddar tilveruna. Áfangastaðurinn þetta kvöldið var Europapark sem er stór skemmtigarður. Við þurftum að taka lít-

KEA HOTELS



Gefðu upplifun um jólin



Kvöldin voru nýtt í heimanám og lestur.

inn auka krók á okkur til þess að komast í hann og fara yfir til Þýskalands. En það var allt þess virði og mikil spenna fyrir morgundeginum. Seinustu kílómetrana var orðið myrkur úti og allir orðnir þreyttir eftir langan og viðburðaríkan dag. Andrés okkar var við það að sofna á hjólinu og brugðum við á það ráð að stilla Spotify í botn og spila nokkur vel valin lög til þess að halda öllum vakandi, það svínvirkaði.

Daginn eftir var ekkert hjólað heldur farið í Europapark. Geggjaður dagur þar sem allir nutu sín í botn. Sjötti dagurinn var ævintýrlegur, lentum í ógöngum og varð dagurinn aðeins lengri fyrir vikið. Sem betur fer er alltaf hægt að fara í síman og fá leiðsögn og gátum við fundið rétta stíginn aftur. Við fundum gamlar skotgrafir úr seinni heimsstyrjöldinni sem var gaman að fara upp að og skoða. Við enduðum daginn á að hjóla um Strasbourg. Það er mjög skemmtilegt hvað það er töluverður fjölbreytileiki í leiðinni, allt frá kyrrðinni og dýralífnum við ána og yfir í borgarferð.

Spennandi að næla sér í ávexti beint af trjánum

Dagur sjö og átta liðu áfram. Við lentum í viðgerðum á hjólinum, ekkert alvarlegt og alltaf eitthvað sem hægt var að redda. Við hjóluðum í gegnum marga smábæi, stærri bæi og borgir. Meðfram stígnum uxu peru- og eplatré. Þegar við héldum að trén væru í almenningseign sendum við strákana að sækja ávexti fyrir okkur til að smakka. Það fannst krökkunum mjög spennandi. Þegar veðrið var sem heitast fundum við skemmtilegan gosbrunn þar sem að krakkarnir gátu hlaupið úr og í. Eftir þær svaðilfarir var nýtt hjóladress rífið upp úr töskunum og blautu fötunum raðað ofan hjólatöskurnar til þerris.

Langafi kvaddur við þýskt sólarlag

Á níunda degi hjóluðum við hjá stóru tækisafni í Speyer þar sem strákarnir þrír hoppuðu inn að skoða. Mjög margt flott að sjá þar og hægt að eyða mun meiri tíma en það voru eftir þó nokkrir kílómetrar svo við urðum að halda áfram. Í lok dags fengum við leiðinlegar fréttir að heiman, að langafi væri dænn eftir stutt veikindi. Hann var kvaddur við sólarlagið í Þýskalandi. Hann hafði átt gott og langt líf og rifjuðum við upp minningar og hvað okkur þótti best við afa. Þetta kvöld komum við svo að lokuðum dyrum á tjaldsvæðinu, búið að læsa hliðinu og við ekki með gistingu. Við fundum hostel í nágrenninu og fengum gistingu þar. Þótt að það hefði verið munur að gista inni að svo mörgu leyti að þá finnst okkur miklu

skemmtilegri upplifun að gista í tjaldi, það er svo notalegt að lesa í tjaldinu og liggja svo í einni kös.

„Eins og að horfa á bíómynd“

Á degi 10 fór landslagið að breytast. Við hættum að hjóla í gegnum akra og skóga. Við vorum komin í Rínardalinn með háum hliðum og vínekrum. Í Þýskalandi var gaman að hjóla við á mörkuðum og versla allskyns ávexti. Krakkarnir höfðu gaman að því að fylgjast með bátunum sigla upp og niður með ánni, sögðu að þetta væri eins og að horfa á bíómynd. Á degi ellefu kom babb í bátinn. Hjólið hans Denna var farið að gefa sig undan álagi og teinarnir að detta úr. Hann varð þess vegna að hjóla í næstu hjólabúð til þess að fá nýtt dekk. Sem betur fer var hjólabúð í nágrenni við okkur. Við heimsóttum líka kastala í einu af fallegasta þorpinu meðfram Rín, Eltville. Gaman að skoða gamla tímann og sjá hvað þessu er vel viðhaldið.

Á tólfta degi vorum við komin að frægasta stað Rínar, Loreley klettinn. Við notuðum bátastrætó til þess að komast yfir ána og að klettinum. Í ferðinni allri fórum við 26 sinnum yfir ána, ýmist yfir brýr eða notuðum báta. Það var skemmtilegt að heimsækja klettinn og kynna sér sögu hans. Sagan segir að kona að nafni

Loreley hafi verið svikin af kærasta sínum sem hafi verið sjómaður. Hún hafi viljað hefna sín á öllum sjómönnum og sat upp á klettinum og söng tælandi söngva til þess að láta sjómennina sigla inn í dauðann, en það eru hættulegar grynningar við klettinn. Þennan hjóladag enduðum við í Koblenz sem er mjög fallegur bær. Þar sameinast Rín og Móselaín.

Aldrei í hættu á að vera keyrð niður

Á þrettánda degi voru allir ennþá mjög sprækir og til í að halda áfram með ferðalagið. Dagarnir byrjuðu oft á því að fara í búðina og fylla á byrgðirnar en við gátum ekki haft mikinn mat meðferðis í einu. Það er ótrúlegt að hjóla á milli allra þessara smábæja alltaf á hjólastígum og eiga aldrei í hættu á því að vera keyrður niður.

Pössuðu ekki inn í „dress code-ið“

Á fjórtánda degi gistum við á hóteli því að tjaldsvæðið sem við vorum búin og ætluðum að fara á var einungis fyrir húsbíla. Á fimmtánda degi hjóluðum við frá Köln til Dusseldorf. Við gátum skoðað okkur aðeins um í Dusseldorf. Við pössuðum illa inn í borgarstemminguna, hjól með farangri og púðabuxur voru ekki „dress code-ið“ í miðbænum. En það var bara skemmtilegt að vera aðeins öðruvísi en hinir. Við heimsóttum sjónvarpsturninn í borginni sem er 186 m.

Ferðafélagar slógust í hópinn

Sextánda dagurinn var seinasti hjóladagurinn í Þýskalandi. Þetta var reyndar extra spennandi dagur því um kvöldið kom bróðir minn, Úlfar og fjölskyldan hans til okkar. Þau flugu frá Amsterdam og tóku síðan lestir og leigubíl til okkar. Það var flókið að komast um borð í lestirnar með allan farangurinn, hjólin og börnin. Það gekk upp á endanum og mikið var gott að sjá þau. Hann og konan hans Lilja eiga tvö börn, Máney 3 ára og Eyberg 1 árs. Krökkunum þótti mjög gaman að hittast og voru allir spenntir fyrir áframhaldandi ferðalagi.

Á degi sautján hjóluðum við yfir landamæri Þýskalands og Hollands. Í Hollandi voru hjólastígar báðu megin meðfram einbreiðum sveitavegum þar sem að hjólandi umferð var í forgangi.

Við gistum á geggjuðu tjaldstæði þar sem við vorum alveg út af fyrir okkur. Það var góð viðbót að fá bróður minn og fjölskyldu til okkar og ómetanlegt að þau hafi lagt það á sig að koma.

Íslenskt veður gerði lítið til

Á degi átján fengum við íslenskt veður, rok og rigning á hlið. Sem betur fer var nú hlýtt svo að þetta slapp til. Ég var búin að lofa bróður mínum og fjölskyldu sól og sumri en það gekk ekki alveg eftir. Það gerði lítið til því að þau voru sem betur fer vel búin. Þennan dag stoppuðum við og skoðuðum kastalan í Doorwerth. Sá kastali var eyðilagður í seinni heimsstyrjöldinni, eins og svo margt annað, en var að endurbyggja hann aftur. Allir höfðu mjög gaman að því að skoða gamla hluti og að fá máta sig við kastala lífið. Á degi nítján sáum við fyrstu vindmyllurnar í návígi. Við sáum einu „drive through“ vindmylluna í heimi og fórum inn í hana og fengum frábæra leiðsögn um hvernig vindmyllur virka. Áhugaverð og lærdómsrík heimsókn. Á þessum kafla leiðarinnar er Rín farin að kvíslast í fleiri greinar.

Nutu síðasta dagsins í Amsterdam

Á degi tuttugu hjóluðum við til Rotterdam þar sem leiðin endar. Á leiðinni hjóluðum við fram hjá mörgum síkjum. Þar var mikið fuglalíf og inn í bæjunum var fólk með árabáta við húsin sín. Seinasta hjóladaginn, á degi tuttugu og eitt hjóluðum við til Hoek van de Holland, sem er tanginn þar sem Rín rennur út í Norðursjó. Hér endaði hjólaleiðin formlega. Eftir mikil fagnaðarlæti og myndatöku fórum við í miðbæ Rotterdam þar sem vinkona bróður míns gaf okkur leiðsögn um borgina. Gaman að fá leiðsögn frá heimafólki og sjá staði sem við hefðum annars ekki skoðað. Daginn eftir fórum við yfir til Amsterdam þar sem við skoðuðum okkur um og nutum síðasta dagsins.

Ferðin gekk vel í alla staði og ég er ekki viss um að við hefðum viljað gera hana á annan hátt, hún var einstök. Börnin stóðu sig eins og hetjur og ferðin á eftir að skilja eftir sig margar góðar og ljúfar minningar. Hún sameinar áhugamál okkar sem eru ferðalög, hjóltreiddar, útilegur og samvera fjölskyldunar. *HGL*



Hjólað meðfram vínekrum.



Mæðgur ánægðar með lifið. Sú stutta varð oft fingralöng og nældi sér í eitthvað gott úr stýristöskunni.

Verslum í heimabyggð

Betra er að gefa en þiggja og líklega setjum við Íslendingar enn eitt metið þetta árið í verslun og þjónustu í tengslum við jólahátíðina. Tilboðsdagar, sérstakir afslættir og viðburðir ýta við okkur reglulega og tilfinningin getur verið að maður sé að missa af tilboði ársins ef ekkert er keypt. Það er heldur ekki úr vegi að velta því aðeins fyrir sér hvar sé verslað. Skiptir það einhverju máli hvort ég kaupi t.d. bara allar gjafirnar á erlendum vefsíðum sem senda nánast alla leið heim að dyrum?

Mikil fjölbreytni á sterkum grunni

Hér í Sveitarfélaginu Árborg er rík hefð fyrir öflugri verslun og þjónustu sem nær allt til upphafs nítjándu aldar með byggingu Tryggvaskála, hafnarstarfsemi við ströndina og stofnun kaupfélagsins. Á seinni tímum hefur vöxturinn orðið hvað mestur á Selfossi og þar skapast sterkt

umhverfi verslunar og þjónustu fyrir landshlutann. Nýjar verslanir og þjónustuaðilar hafa bæst reglulega við og eldri stækkað svo úrval og fjölbreytileiki er með því besta sem finnst utan höfuðborgarsvæðisins. Nýr miðbær á Selfossi hefur svo styrkt þessa ímynd enn frekar.

Slík fjölbreytni er þó alls ekki sjálfsgöð. Hún byggist á dugnaði og framtaki einstaklinga sem leggja upp í verslunar- og þjónusturekstur á okkar svæði. Svo býðst okkur íbúnum og gestum okkar að nýta slíkar verslanir, veitingahús og aðra þjónustu sem er undirstaða þess að hægt sé að veita slíka þjónustu áfram. Málið er nefnilega að við íbúar gegnum lykilhlutverki í því að halda allri þessari fjölbreytni gangandi.

Hef ég áhrif?

Fljóta svarið eru já. Og af hverju? Því allir þeir sem nýta sér þjónustu í nærsamfélaginu

Bragi Bjarnason

Formaður bæjarráðs og oddviti Sjálfstæðisflokksins í Árborg



eru hluti af mikilvægri hringrás. Ef við íbúarnir nýtum okkur ekki starfsemi veitingastaða, bíós eða annarrar verslunar og/eða þjónustu í okkar nærsamfélagi er hætt á að sú sama starfsemi nái ekki endum saman og loki. Um leið fækkar valmöguleikum, stöðugildum á svæðinu, tekjur samfélagsins dragast saman og við gætum í auknum mæli þurft að leita annað með tilheyrandi kostnaði og fyrirhöfn.

Þetta er ekki sjálfgefið og því vil ég með þessum stutta pistli minna okkur öll á mikilvægi þess að „VERSLA Í HEIMABYGGÐ“. Ég óska öllum gleðilegrar hátíðar.

Miklar skemmdir á Stokkseyri

Íljós hefur komið að sundlaugakarið í Sundlaug Stokkseyrar er mjög illa farið eftir 31 árs notkun.

Í tilkynningu frá Árborg segir að ljóst sé að það þurfi að fara í umfangsmeiri viðgerðir á kari Sundlaugarinnar á Stokkseyri, þar sem skipta þarf um allar hliðar á lauginni ásamt botni og dúk. Einnig verði farið í að mála potta og hugað verði að viðhaldi á öðr-



um þáttum á lóð og húsi sundlaugarinnar. Framkvæmdir eru hafnar en vegna umfangs skemmda er óljóst hvenær framkvæmdum lýkur.



Ljósmynd: Stúdíó Stund.

„Eitthvað sem kemur öllum í jólaskapið“

Karlarór Selfoss heldur sína árlegu jólatónleika í Selfosskirkju þriðjudaginn 19. desember.

Jólatónleikar Karlaórs Selfoss eru ómissandi viðburður í jólaundirbúningi margra Sunnlendinga, efnisskráin er fjöl-

breytt og má þar finna ýmis- konar léttmeti ásamt hátíðlegum söng, eitthvað sem kemur öllum í jólaskapið.

Stjórnandi Karlaórs Selfoss er Skarphéðinn Þór Hjartarson og hefur hann útsett mörg þeirra laga sem á efnisskránni

eru. Píanóleikari kórsins er Jón Bjarnason og hann stjórnar einnig Skálholtskórnum.

Tónleikarnir hefjast klukkan 20. Aðgangur er ókeypis en tek- ið er á móti frjálsum framlögum sem renna óskipt í Sjóðinn góða. Posi verður á staðnum.

Fjölskyldufjör og jólagetraun í Þorlákshöfn



Í Þorlákshöfn má finna 13 fallega skreytta jólasveinaglugga. Hver gluggi táknar ákveðinn jólasvein og felst getraunin í að gíska á heiti jólasveinsins. Í jólasveinagluggunum má líka finna orð sem þátttakendur leggja á minnið eða taka mynd

af, raða síðan orðunum í rétta orðaröð og þá birtist fræg jólavísa.

Þjónustuaðilar í bænum skreyttu jólasveina- gluggana og eru gluggarnir 13. Á korti sem er á heimasíðu Ölfuss, ölfus.is, má sjá hvar má finna jólasveinaglugga eftir númerum en þátttakendur þurfa að finna gluggana og gíska á heiti jóla- sveinsins.

Lausnina má senda á jmh@olfus.is eða fara með á bæjarskrifstofuna fyrir 12. janúar 2024.

Þá er tilvalið að spreyta sig líka í Snjalla jóla- ratleiknum í Skrudgarðinum þar sem eru 13 þolló- sveinar og spurningar fyrir alla fjölskylduna.



Skaftárhreppur

óskar landsmönnum öllum gleðilegrar jólahátíðar

Skaftárhreppur

Óskum Sunnlendingum öllum gleðilegrar hátíðar og þökkum gæða samvinnu á árinu sem er að líða.

Með hátíðarkeðju,
Guðrún, Vilhjálmur, Ásmundur og Birgír
þingmenn Sjálfstæðisflokksins

Skógarhugvekja

Í aðdraganda jóla og í jólamánuðinum sækja margir í skóga Suðurlands sem og aðra skóga víða um land. Margir arka út í mörkina að leita sér fanga, sumir eftir rjúpum til að eiga í jólamatinn eða eftir jólatré til að prýða heimilið. Jafnvel hefur undirbúningur jóla hafist fyrr um árið þegar sveppir voru tindir úti í skógi síðsumars til að nota í sósuna með steikinni eða tínt ber til að setja út á eftirrættinn. Sífellt fleiri hafa uppgötvað dásendur þess að stunda úti-veru í skógi og það að leita mat, ganga, hlaupa, hjóla, skíða eða renna á snjóbotu í skógi þá er það eitt það besta sem við getum gert fyrir líkama og sál. Upplifunin í skógi er engu lík. Útsýnið, ilmurinn, hljóðið, lognið, hvinur trjáanna, lækjarniðurinn, fuglasöngurinn, refasporin, kyrrðin, frelsið, litirnir, rjúpunar, marríð í sporunum og allt hitt sem dregur fram virkni skilningarvitanna. Samverustund fjölskyldu og vina í skógi er upplögð í tengslum við hátíð hækkandi sólar, kærleiks og friðar. Hvort sem það er að sækja jólatré eða fara í snjóboltastríð og fá sér piparköku og kakó á eftir þá er það samveran sem skipir mestu máli og ekki verra að gera það í fallegu umhverfi, laus frá veðri og vindum, stressi og amstri dagsins.

Þrátt fyrir að Íslands sé eitt skóglausasta land heimsins þá erum við svo heppin að eiga svolítið af skógum og Suðurland er sá landshluti sem er með mesta skógarþekju á Íslandi. Á síðasta ári fór fyrsta tré landsins yfir 30 metra hæð en það er sitkagreni við Systraðfoss á Kirkjubæjarklaustri, gróðursett af heima-mönnum árið 1949. Það er reitur sem allir ættu að heimsækja og

sérstaklega núna á adventunni en þá taka bæjarbúar sig til og skreyta skóginn með ýmsum vættum og ljósum og skapa góða stemmingu. Við Sunnlendingar eigum líka einn elsta gróðursetta skógarreit landsins en það er Furulundurinn á Þingvöllum, en gróðursetning hans markar upphaf skógræktar á Íslandi en fyrst var gróðursett í reitinn árið 1899. Reyndar eru þær furur sem þar voru gróður-settar fyrstar ekki lengur þar en reiturinn er merkilegur þrátt fyrir það og líklega mest heim-sótti skógarreitir landsins. Þjóð-skógarnir í Haukadall, Þjórsárdal, Laugarvatni, Tumastöðum, Múlakoti og Þórsmörk eru vinsælir heim að sækja en einnig eru skógar Skógræktarféлага og Ungmennafélaga víða um Suðurland og má finna skógar-reiti í flestum hreppum, t.d. Þrastaskógur, Snæfoksstaðir, Bolholt, Skógar og miklu fleiri staðir. Sum skógræktarfélag eru virkari en önnur en það eru tækifæri fyrir íbúa sveita og



bæja að virkja sín félög, yfir 60 skógræktarfélag eru á Íslandi! Orð eru til alls fyrst og hvet ég fólk til þess að ræða þetta á næsta þorablóti eða eftir jóla-messuna, hvort það megi ekki rífa upp skógræktarstarfið í þínu sveitarfélagi og auka skógarþekju og hirða um þá skóga sem fyrir eru. Ég hvet Sunnlendinga alla að eyða stund úti í skógi yfir hátíðirnar, Þjóðskógarnir standa opnir allt árið fyrir alla, alltaf!

*Trausti Jóhannsson
Skógarvörður á Suðurlandi*



Glóbrystingur er vinsæll jólafugl í Bretlandi og víða á meginlandinu og líklegur til að setjast að á Íslandi með aukinni skógarþekju. Mynd Hrafn Óskarsson.

Líf og fjör í hestafimleikum hjá Geysi

Nú í haust hafa staðið yfir næfingar í hestafimleikum hjá Hestamannafélaginu Geysi. Hestafimleikarnir fóru af stað af frumkvæði reiðkennarans Jónínu Lilju Pálmadóttur sem sjálf lærði hestafimleika hjá Hestamannafélaginu Þyt á Hvamstanga sem hingað til hefur verið eina Hestamannafélagið sem boðið hefur uppá hestafimleika. Nú eru þau tvö.

Gríðarlegur áhugi var strax á hestafimleikum og hafa um

40 börn stundað hestafimleika vikulega síðustu vikurnar. Hestafimleikar eru töluvert ólíkir öðru sem boðið hefur verið uppá að því leyti að nemendur mæta ekki með eigin hest heldur er hestur á staðnum, það gerir því mun fleirum kleift að stunda hestamennsku.

Nú um helgina kom hópur frá Hestamannafélaginu Þyt en þar hafa verið stundaðir hestafimleikar síðustu 15 ár undir leiðsögn Kathrin Schmitt. Hópurinn

æfði í Rangárhöllinni á laugar-dag. Á Sunnudag héldu Þyts félagar glæsilega Hestafimleikasýningu og í framhaldi æfðu hóparnir saman. Geysir þakkar Þyt fyrir virkilega skemmtilega heimsókn og vonandi koma þau aftur til okkar fljótlega.

Framhald verður á hestafimleikum hjá Geysi í janúar og verður nýtt námskeið auglýst fljótlega.

Hestamannafélagið Geysir



98 oktana bensín fæst nú á Selfossi

Nú á Selfossi hefur nú bæst við þann hóp stöðva N1 sem selur 98 oktana bensín. Um er að ræða einu stöðina á Suðurlandi sem selur 98 oktana bensín. N1 selur þessa tegund eldsneytis víða á höfuðborgarsvæðinu, í Reykjanesbæ, á Akureyri, á Egilsstöðum og nú á Selfossi.

Allt frá því að ný reglugerð um etanólíblöndun í bensíni tók gildi hefur eftirspurnin eftir 98 oktana bensíni aukist og er það markmið N1 að mæta þessari auknu eftirspurn um land allt.

„Við höfum heyrt frá okkar viðskiptavinum á Selfossi, og víða á Suðurlandi, að það sé þörf fyrir 98 oktana bensín á Selfossi og því kalli erum við að svara,“ segir Ýmir Örn Finn-bogason framkvæmdastjóri N1.

Ýmir Örn bætir við að það séu ekki aðeins eldri bílar sem mögulega þurfa að skipta úr 95 oktana bensíni yfir í 98 oktana, heldur eru þetta ýmis tæki sem þurfa mögulega að fá nýja tegund eldsneytis nú þegar þessar breytingarnar hafa átt sér stað. Bendir hann á að eigendur

mótórhjóla, utanborðsmótora, sláttuvéla, sláttuorfa og slíkra tækja ættu að kynna sér vel hvaða eldsneyti er óhætt að nota á tækin.

„Allir bensínknúnir bílar árgerð 2011 eða yngri geti tekið nýja E10 eldsneytið ásamt flestum eldri tækjum. Ég hvetu alla þá sem eigi eldri bíla eða tæki en árgerð 2011 að kanna sjálfir hvort þeirra tæki megi taka E10 eldsneyti, t.d. hjá umboði viðkomandi tækis,“ segir Ýmir að lokum.

„Ég er bara spenntur að fá þessa nýjung á dæluar okkar hérna á Selfossi og taka á móti öllum þeim fjölmörgu sem hafa verið að kalla eftir þessari tegund eldsneytis hingað, bæði Selfyssinga og nærsveitunga,“ segir Þórarinn Birgisson stöðvastjóri N1 á Selfossi og í Hveragerði. Þórarinn segir það auðvitað hafa verið bagalegt að þurfa að vísa öllum þeim fjölmörgu sem hafa þurft að kaupa 98 oktana bensín yfir til Reykjavíkur og fagnar því mjög að geta sinnt þessari eftirspurn á sínu svæði.



Fimm sveitir á Sveitakeppni HSK í skák

Mánudagskvöldið 4. desember síðastliðinn fór fram Héraðsmót HSK í skák í Selinu á Selfossi. Um sveitakeppni er að ræða þar sem liðin eru skipuð fjórum skákmönnum. Um mikið skemmtilegt mót var

að ræða þar sem fimm sveitir mættu til leiks.

Sveit Umf. Þórs skipuðu þeir Sverrir Unnarsson, Ingvar Örn Birgisson, Erlingur Jensson og Magnús Garðarsson.

Úrslit urðu eftirfarandi:

1. Umf Þór 12 ½ vinningar
2. Íþr.f. Dímon 10 vinningar
3. Umf Selfoss 8 vinningar
4. Umf Gnúpverja 7 vinningar
5. Umf Þjórtandi 2 ½ vinningar





Jólahugvekja

Vínátta – skógur – pottur – fjölskylda – hlýhugur – tár – samtal – þrjónar – sól – hjól – gróðursetning – óvænt samvera – rifja upp minningar – haustlitir – hlátur – róla – sítrónukaka – faðmlag. Hér má sjá örlítið innlit í þakklætisdagbókina mína, að veita því sérstaka athygli hvað ég er þakklát fyrir er eitt af mínum bjargráðum. Endalaust eru okkur gefin góð ráð um hvernig best sé að lifa lífinu, ekki síst þurfum við á því að halda ef við göngum í gegnum erfiðleika eða lendum í áföllum. Sumt af því virðist ofur einfalt en er nauðsynlegt. Eins og að borða, sofa, fara út að ganga, reyna að fá sér frískt loft, vera í kringum þau sem okkur þykir vænt um, tala um það sem við erum að ganga í gegnum, leita faglegar aðstoðar. Oft er spurt hvort trúin hjálpi okkur í erfiðum aðstæðum? Já ég vil sannarlega halda því fram að trúin sé eitt af þeim bjargráðum sem við getum gripið til í erfiðleikum.

Biblían er endalaus uppspretta faglegra texta sem veita huggun, gleði, von og styrk, sömuleiðis má þar finna raunsanna texta um sammannlega upplifun

af erfiðleikum og sorgum. Setning frá Páli postula veitti mér innblástur þegar ég gekk í gegnum erfiðleika: „Þegar ég er veik þá er ég máttug.“ (2.Kor 12.10). Hvaða máttur getur komið í veikindum eða veikleika? Í jólasögunni erum við leidd inn í fjárhús, skitugt en hlýtt, þar liggur barn í jötu. Barn getur ekki bjargað sér sjálft, það þarf aðstoð, samt eru börn líklega það máttugasta af öllu lífsafli í heiminum. Í varnarleysi sínu draga þau okkur að sér, að horfa á ungbarn liggjandi í vöggu er líklega það sem við komust næst því sem er himneskt og við gerum allt sem í okkar valdi stendur til að vernda þau. Jólasagan dregur okkur að varnleysi Jesúbarnsins, umkomuleysi hans í heiminum, barninu sem fékk skjól í afgangshúsnaði, húsnaði fyrir dýr ekki manneskjur. Við það að horfa ofan í jötuna, á Jesúbarnið búa frumkraftar trúar okkar, þangað getum við sótt næringu einmitt þegar við eigum lítið eftir. Þar búa veikleikar okkar, vanmáttur okkar en um leið uppspretta gleði, vonar og eftirvæntingar.

Sum velta því fyrir sér hvort jólasagan

sé ekki úrelt, óþarfi eða gamaldags, ég svara því auðvitað neitandi. Við þurfum einmitt reglulega að vera minnt á allan þann boðskap sem býr í jólasögunni. Jólin snerta hjarta okkar með svo djúpum hætti, þau geta verið uppfyll af gleði og góðum minningum en sömuleiðis kallað fram djúpan sársauka þegar við söknum, búum við veikindi eða breyttar aðstæður í lífinu. Einmitt þá færir jólasagan okkur svo óendanlega mikilvæg skilaboð og þær bestu fréttir sem við getum nokkurn tíma fengið að heyra. Einföld en máttug skilaboð, þar sem Jesúbarnið horfið í augu þín, birta skín úr augum barnsins sem segir við hjarta þitt: „Þetta er allt í lagi, ég er með þér.“ Sama á hvaða ferðalagi sem við erum á í lífi okkar getum við alltaf ferðast að jötunni, þar er að finna samastað, hlýju, mátt, kærleika, styrk og von.

Guð gefi ykkur öllum gleðileg jól.

Guðbjörg Arnardóttir,
sóknarprestur Árborgarprestakalls





JÓLAFATNAÐUR JÓLAGJAFIR

Margt sniðugt til jólagjafa

ALLTAF OPIÐ Í VEFVERSLUN OKKAR **TISKUVERSLUN.IS**

Munið
gjafabréfin
vinsælu

TÖSKUR
KLÚTAR
SLÆÐUR
SKARTGRIPIR
HANSKAR
LEÐURHANSKAR

LINDIN
TÍSKUVERSLUN
Eyraveggi 29 · Selfossi · Sími 482 1800

Bál - barnahúfa

Hönnun og uppskrift
Guðrún Hannele

Stærð

8-12 ára (lítið mál að stækka eða minnka með því að bæta við eða fækka um eina mynstureiningu sem er 8L).

Garn og fleira

ZAUBERWOLLE frá Schoppel Wolle (fæst í Storkinum)
1 x 100 g af lit 1536 (100g/250m)
dúskur ef vill

Prjónar

40 cm hringprjón og/eða sokkprjónar nr. 3 og 3½.
Athugið að nota prjónastærð sem hæfa ykkar eigin prjónfestu.
1 kaðlaprjón
1 prjónamerki

Prjónfesta

28L og 38 umf = 10 cm í sléttprjóni á prjóna nr. 3½.
32L og 38 umf = 10 cm í mynsturprjóni á prjóna nr. 3½.

Aðferð

Húfan er prjónuð í hring með 40 cm hringprjóni. Skiptið annaðhvort yfir í sokkprjóna eða 2 hringprjóna þegar lykkjum fækkar eða notið töfralykkjuaðferðina með 80 cm hringprjóni.



Orðalykill

L = lykkja, lykkjur
umf = umferð
S = slétt
B = brugðið
Ó = óprjónuð lykkja
s = saman
auk: 1SV = útaukning,

Stingið vinstri prjóni inn undir þverbandið á milli lykknanna aftan frá og prjónið það snúið framan frá
úrt: 2Ss = úrtaka: 2 lykkjur slétt saman
úrt: 2Bs = úrtaka: 2 lykkjur brugðnar saman
úrt: 1Ó+1S+sty = úrtaka: 1 lykkja tekin óprjónuð, næsta lykkja prjónuð slétt, óprjónuðu lykkjunni er steypt yfir þá prjónuðu.

Húfan

Fitjið upp á finni prjónana 140 L, tengið saman í hring. Athugið að gott er að setja merki við upphaf umf.
Prjónið stuðlaprjón 2S+2B og endurtakið út umf. Prjónið um 4 cm stuðlaprjón (tvöfalt eða þrefalt lengra ef óskað er eftir uppabroti á stroffið).
Prjónið 1 umf slétt og aukið um leið út þannig: [34S, auk:1SV] x 4 = 144L.
Skiptið yfir í grófari prjónana.
Prjónið mynstur þannig:
1.-3. umf: *2S, 1Ó+1Ó, 2S, 2B.* Endurtakið frá *-* út umf.
4. umf: *Setjið næstu 2L á kaðlaprjón og geymið fyrir aftan, prjónið fyrri óprjónuðu L slétt, prjónið 2L af kaðlaprjóni, setjið seinni óprjónuðu L á kaðlaprjón og geymið fyrir framan, prjónið næstu 2L slétt, prjónið L af kaðlaprjóni, 2B.* Endurtakið frá *-* út umf.
5. umf: *6S, 2B.* Endurtakið frá *-* út umf.
Endurtakið 1.-5. umf 12 sinnum í viðbót.

Úrtaka á kolli

1. umf: *2S, 1Ó+1Ó, 2S, úrt:2Bs.* Endurtakið frá *-* út umf = 126L.
2.-3. umf: *2S, 1Ó+1Ó, 2S, 1B.* Endurtakið frá *-* út umf.
4. umf: *Setjið næstu 2L á kaðlaprjón og geymið fyrir aftan, prjónið fyrri óprjónuðu L slétt, prjónið 2L af kaðlaprjóni slétt saman, setjið seinni óprjónuðu L á kaðlaprjón og geymið fyrir framan, prjónið næstu 2L slétt saman, prjónið L af kaðlaprjóni, 1B.* Endurtakið frá *-* út umf = 90L.
5. umf: *4S, 1B.* Endurtakið frá *-* út umf.
6. umf: *Víxlið næstu tveimur L með því að prjóna fyrst seinni lykkjuna fyrir framan og síðan fyrri lykkjuna og hleypa báðum fram af vinstra prjóni í einu, 1B.* Endurtakið frá *-* út umf.
7. umf: *Úrt:2Ss, úrt:1Ó+1S+sty, 1B.* Endurtakið frá *-* út umf = 54L.
8. umf: *2S, 1B.* Endurtakið frá *-* út umf.
9. umf: *Úrt:1Ó+1S+sty, 1B.* Endurtakið frá *-* út umf = 36L.
10. umf: *Úrt:1Ó+1S+sty.* Endurtakið frá *-* út umf = 18L.
11. umf: *Úrt:1Ó+1S+sty.* Endurtakið frá *-* út umf = 9L.

Klippið endann hæfilega langt frá og dragið í gegnum L sem eftir eru. Gangið frá endum og búið til dúsk úr afganginum af garninu og festið á ef vill.

Uppskrift fengin úr Húsfreyjunni
4. tbl. nóvember 2018



Gefðu persónulegar jólagjafir í ár

honnun.prentmetoddi.is

Inni á hönnunarvefnum okkar
getur þú t.d. útbúið **kort**, **dagatöl**
og **myndabækur**.



ÞJÓNUSTA



S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFLOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyrangei 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta



**HEILDARLAUSNIR
Í PRENTUN**

Eyrangei 25, 800 Selfoss
482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

FÉLAGSSTÖRF



**SKRIFSTOFA
FEBSEL**

Opin fimmtudaginn
14. desember kl. 13-14:30.

OPIÐ HÚS

Fimmtudaginn
14. des. kl. 14:45.

Litlu jólin

Heitt súkkulaði og smákökur

Bókmenntakynning

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

Opið mán kl. 11 til 15
miðv. kl. 11 til 15
föstud. kl. 11 til 14.
sími 482 1022
gsm 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krosus.
Poniedzialek i czwartek i sobota
godzina 19:00. Hrísholti 8 - 800
Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundur
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

BÍLAR



Gagnheiði 11 - 800 Selfossi
Sími 482 2200 - GSM 894 2277 - Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

KIRKJA

Selfosskirkja

Messað verður í Selfosskirkju
sunnudaginn 17. desember kl.
11. Prestur er Gunnar Jóhannes-
son. Edít Molnár leikur á orgelið
og kór Selfosskirkju leiðir hug-
ljúfan aðvent- og jólasöng. Verið
velkomin hjartanlega.

Skálholtsdómkirkja

Guðsþjónusta í formi þess að
við syngjum saman sálma
aðventu og jóla. Það hefst kl. 11.
Organisti Jón Bjarnason og
prestur Axel Á Njarðvík. Verið
velkomin til næringar stundar
sálar og samfélags.

Hveragerðiskirkja

Jólastund barnanna kl. 11.
Jólasaga, barnakór kirkjunnar
syngur, dansað í kringum jólatré
og jólasveinar koma í heimsókn.

ÞJÓNUSTA

Smiður óskar eftir verkefnum

Smiður getur tekið að sér við-
hald í heimahúsum og sumar-
húsum á höfuðborgarsvæðinu,
Selfossi eða Hveragerði.
Dagvinna, kvöldvinna og/eða
helgarvinna. Parket, flísar,
samsetning á eldhúsinnrétt-
ingum, gips, málun o.fl. Nánari
uppl. í síma 777 2265.



Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is

HEILSA

Með **Dáleiðslu** má vinna að
úrbótum ýmiskonar
vandamála, líkamlegra sem
andlegra. Það má líka fara
aftur í tímann og sjá löngu
liðna atburði, hætta
reykingum og margt annað.

- Ég er líka með
augnlestur en með honum
má sjá ástand viðkomandi,
líkamlegt og andlegt. Þessu
fylgja ráð um hvernig breita
má hlutum til betri vegar.

- **Er einnig með Nudd og
svæðanudd** -

Heiðar Ragnarsson
Heilsulindinni í Miðgarði
s. 8981501

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn með-
höndlun

Gjöf sem
gleður
Gjafabréf

**Ragnhildur
Sigurðardóttir**
Farsími
693 2197
ragnhildurgagga.is



Cand.mag. í íþróttatræðum,
nálastungr, yoga,
NLP-master/coach,
nuddmeistari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

Stórglæsileg nýuppgerð ljósmæðra- og fæðingar- deild á Selfossi

Ljósmæðravakt HSU Sel-
fossi hefur tekið miklum og
frábærum breytingum síðustu
vikur. Fæðingarstofan er nú
komin inn á gang ljósmæðra- og
fæðingardeildarinnar, mæðra-
verndin var færð um herbergi
og til varð þá auka vinnurými
sem er kallað Freyjukot. Svítan
(sængurlegu herbergið) færðist
til og svo er Hálsakot, annað
vinnurými þar sem tekið er á
móti göngudeildarkomum og
meðgönguvernd. Leghálsskim-
anir fara einnig fram á deildinni
ásamt 5 daga barnalæknisskoð-
unum. Það er fjölbreytt starf-
semi á deildinni og eru öll boðin
hartanlega velkomin.

Ljósmæður á HSU hafa
fjölpætt verksvið. Þær annast
almenna mæðravernd ásamt
eftirliti með meðgöngutengdum
vandamálum í samráði við
Landspítala. Þær veita síma-
ráðgjöf til barnshafandi kvenna
og skimun fyrir leghálsskrabba-
meini. Ljósmæður sinna mæðra-
vernd á öllum heilsugæslustöðv-
um HSU.



Tekið er á móti börnum allan
sólarhringinn og sængurkonum
og börnum þeirra er sinnt í
sængurlegu. Fæðingardeild
HSU á Selfossi er fæðingar-
deild sunnlendinga en þar geta
allar konur fætt, eigi þær eðli-
lega meðgöngu að baki og ef
fæðingu ber eðlilega að.

Á fæðingardeildinni starfa
reyndar ljósmæður sem leggja
sig fram um að skapa heimilis-
legt andrúmsloft en gæta þó á
sama tíma fyllsta öryggis móður
og barns. **HSU**



„Þegar tæknin tekur öll völd“

Ljóðskáldið Þór Stefánsson var fæddur í í Hlíðunum í Reykjavík árið 1949. Hann gekk í Austurbæjar-skóla og Gaggó Aust og síðan Mennta-skólann í Reykjavík. Þaðan lauk hann stúdentsprófi úr stærðfræðideild 1969. Þá lá leiðin til Frakklands þar sem hann bjó í nokkur ár og lagði stund á sálfræðinám. Næstu ár vann Þór sem kennari eða verkamaður heima á Íslandi áður en hann fór aftur til Parísar, þar sem hann lauk námi í almennum málvísindum. „Síðan hef ég aðallega kennt frönsku í framhaldsskólum nema hvað ég ritstýrði Fransk-íslenskri orðabók sem Örn og Örlygur gáfu út 1995 í samvinnu við Le Robert orðabókaútgáfuna í París. Það var fimm ára stíf vinna. Einnig var ég sendikennari í Lyon í Frakklandi frá 2004 til 2007. Síðustu tíu ár hef ég búið ásamt Huldu Ólafsdóttur, konu minni, á Eyrarbakka. Við eigum tvo uppkomna syni og fimm barnabörn og höfum verið saman frá 1970,“ segir Þór í samtali við Dagskrána.

Þór gaf úr sína fyrstu ljóðabók árið 1989 og eru þær nú orðnar 19. Einnig hefur hann þýtt töluvert af ljóðum, aðallega úr frönsku en einnig dálítið úr sænsku. Þá hafa tvær sýnisbækur Þórs á íslenskum samtímaskáldum komið út á frönsku.

Hreifst af smákvæði Jónasar

Inntur eftir því hvað hafi dregið hann í áttina að ljóðlist í upphafi og hvernig



Þór Stefánsson við upplestur í Kaupmannahöfn þegar ljóðahópur danska rithöfundasambandsins fagnaði útkomu „Spegla“ hans í danski þýðingu



Þór les í garði þeirra hjóna á Eyrarbakka. Myndin var tekin á Gullregnskátíðinni sem þau halda þegar gullregnið blómstrar. Þetta var í annað sinn sem það gerðist en fyrst blómstraði það fyrir þremur árum.

þróun skrifa hans hafi verið í gegnum tíðina segir Þór: „Ég man eftir að hrífast af léttu smákvæði eftir Jónas Hallgrímsson sem barn. Tímarit máls og menningar frá upphafi og tímaritið Birtingur voru til á heimilinu og þar sótti ég í að lesa ljóðin svo að líklega hef ég alltaf haft áhuga á þeim. Á unglingsaldri orti ég dálítið þótt ég hefði ekki uppburði í mér til að koma því í Skólablaðið. Á fullorðinsaldri orti ég aðallega vísur í jólakort og því um líkt þangað til fyrsta bókin, Haustregnið magnast, kom til mín á nokkrum vikum í ágúst, líklega 1988. Eftir það varð ekki aftur snúið. Ég veit ekki hvor hægt er að tala um einhverja þróun í skáldskapnum hjá mér. Ég held að ljóð mín hafi alltaf verið auðskilin en kannski hef ég orðið enn skýrari með árunum.“

Ljóðin koma til manns í gusum

En hvaðan fær skáldið sinn innblástur? „Ég held að innblásturinn komi úr umhverfinu eða andrúmsloftinu. Ljóðin koma til manns í gusum. Þannig hef ég oft ort bækurnar á nokkrum vikum og svo verður kannski hlé á milli bóka. Stundum hef ég stillt mig inn á verkefni og þá gjarnan lagt eitt ár undir hverja bók. Ég hef aðallega ort í frjálsu formi en einnig samið heilar bækur með stuðlum og höfuðstöfum auk ríms. Ljóð út í verður og vind (1998) eru sonnettur og Söngvar (2006) eru háttbundin ljóð en Vísur, sem komu út í fyrra, eru vísur! Hlaupár (2007) samanstendur af 366 þriggja línu ljóðum sem er skipt í kafla eftir árstíðunum. Nýjasta bókin mín, Stöður (2023), hefur nokkra sérstöðu því að hún er ort á 5-6 árum, en ég sendi frá mér fjórar aðrar bækur á þeim tíma.“

„Hálfgæð hornreka í samfélaginu“

„Mér finnst ljóð hafa veigamiklu hlutverki að gegna þótt þau séu reyndar sem stendur hálfgæð hornreka í samfélaginu. Þau koma með öðruvísi sjónarhorn en tíðkast annars í almennri umræðu og geta vakið óvæntar hugrenningar um hvaðeina. Fólk sækir ýmist hugarró eða örvun í ljóð. Ég hef fengið þau viðbrögð frá lesendum að þeim líði betur eftir að lesa ljóðin mín og það finnst mér gott að heyra. Einnig hefur lesandi lýst ánægju með að ljóðin mín séu svo einföld og auðskilin á yfirborðinu en svo komi ýmislegt í ljós þegar betur sé að gæð,“ segir Þór, aðspurður um hlutverk ljóða í nútímasamfélagi og því hvernig upplifun lesenda á ljóðum virðist frá hans bæjardrym.

Hrífandi óhátíðleg nálgun

Sem fyrr segir hreifst Þór af skrifum Jónasar Hallgrímssonar, „fyrir eðlilegt og fallegt mál. En það eru aðallega skáld 20. aldar sem ég hef tekið mið af. Þar get ég nefnt Jón Óskar sem var móðurbróðir minn og kær vinur þrátt fyrir aldursmuninn, Sigurð Pálsson, sem var aðeins ári eldri en ég og ég kynntist vel árin sem við vorum samtíða í París, og loks Jónas Svafar sem hreif mig með óhátíðlegri nálgun að ljóðlistinni. Það gildir raunar líka um hina. Ef ég á að nefna sérstakar bækur þessara höfunda, þá væri það Nóttin á herðum okkar eftir Jón, Klettabelti fjallkonunnar eftir Jónas og fyrsta bók Sigurðar, Ljóð vega salt. Ekki má ég gleyma Þorpinu eftir Jón úr Vör og Tímanum og vatninu eftir Stein Steinarr en á aldarafmæli hans árið 2008 birti ég ítarlega greiningu á þessum ljóðabálki í samnefndri bók Sigurðar Þóris, myndlistarmanns, sem hafði málað mynd við hverja vísu bálksins, alls 77 málverk. Af erlendum skáldum verð ég líklega að nefna franska skáldið, Guillevic, sem ég hef þýtt nokkrar bækur eftir. Í sambandi við innblástur frá öðrum höfundum, get ég nefnt þrjár bækur sem ég orti í beinu samtali við heimspekilegar bækur eftir Søren Kierkegaard (Spegla, 2018), Albert Camus (Uppreisnir, 2019) og Friedrich Nietzsche (Gott og illt, 2020).“

Markmiðið að stuðla að jöfnuði og friði

„Kannski hafa ljóðin aldrei átt meira erindi en nú þegar tæknipróun er svo ör að okkur finnst hún beinlínis ógna allri mennsku. Þá er ekkert lát á blóðsúthellingum í nafni trúar eða þjóðernis og okkur ber öllum að leggja okkar af mörkum í þeirri viðleitni að bera klæði á vopnin. Ég tók í haust þátt í að stofna alþjóðleg samtök skálda, Poets of the Planet (POP), sem hefur það að markmiði sínu að gera ljóð sýnilegri og taka með þeim þátt í atburðum heimsins og stuðla að jöfnuði og friði en beita sér gegn kúgun og misrétti. Við höfum þegar haldið ljóðavöku til stuðnings þjóðum sem nýlega urðu fyrir mannskæðum náttúruhamförum og til styrktar hjálparstarfi Rauða krossins á svæðunum. Viðburðurinn tókst vel og við stefnum á fleiri slíkar uppákomur á næstunni. Næg eru tilefni,“ segir Þór, aðspurður um hans framtíðarsýn á ljóðlist í ljósi tæknivæðingar og breytinga á menningarlegum áherslum.

Aukið vægi fyrir samfélagsskálldskap

„Atburðir í samfélaginu hafa vissulega áhrif á skrif mín. Þannig lagði ég heilt ár undir og samdi eitt ljóð á dag árið 2009 og gaf þau öll út í bókinni 2009 (2010). Þar eru yrkisefnin úr fréttum þessa fyrsta árs eftir hrunið auk hvunnadagslífsins á tímabilinu. Ég held að kannski megji segja að samfélagsskálldskapur hafi fengið aukið vægi hjá mér með tímanum. Til dæmis var ljóð mitt, „Tækni-framfarir“, úr Speglnum, nýlega birt á 35 tungumálum á vefsíðu Point Editions,“ bætir Þór við.

Gefandi samvinna

Þór segist alltaf vera með eitthvað á þrjónunum. „Ég er langt kominn með handrit að næstu ljóðabók. Þá er ég með í vinnslu franska þýðingu á Uppreisnum en það verður sjötta franska þýðingin á frumsömdum bókum mínum. Þýðingarnar eru allar unnar að frumkvæði Frakkanna sem hafa líka hjálpað mér



að þýða önnur íslensk skáld á frönsku. Fyrst var það Lucie Albertini, ekkja Guillevic og ötull þýðandi skálda frá Norðurlöndunum í samvinnu við þýðendur þaðan, sem bað mig að þýða með sér eftir mig. Síðan bauðst Nicole Barrière til að hlaupa í skarðið eftir að Lucie fór að eiga erfitt með þetta vegna heilsu-brests. Þessi samvinna hefur verið mjög gefandi fyrir mig. Við Nicole erum auk minna ljóða nú með Ljóðorku-bækur Sigurðar Pálssonar í takinu en það er síðasti ljóðapríleikurinn sem hann lauk við fyrir ótímabært andlát sitt. Danir hafa líka gefið bækur mínar út reglulega undanfarið og Frank Heinrichas er nú líka með danska þýðingu Uppreisna í vinnslu. Það verður fimmta bókin eftir mig á dönsku. Á öðrum málum hafa aðeins komið út stakar bækur enn sem komið er,“ segir Þór að lokum.

HGL

Tækni-framfarir

Þegar tæknin tekur öll völd og auðveldar okkur ekki lengur mannleg samskipti, heldur kemur í staðinn fyrir þau,

við tölum ekki saman
nema gegnum síma eða tölvu
og öll mannleg nánd
verður aukaatriði,

börn leika sér ekki saman,
heldur hvert í sínum tölvuheimi,
og móðir gefur ekki brjóst
nema með athyglina á símaskjánum,

og ef við sjáum ástæðu til
að viðhalda mannkyninu,
verður það aðeins
með glasafrjóvgun,

þá göngum við í björg.

Þór Stefánsson, Íslandi
úr Speglnum



Málverk eftir Toby Tover, USA



Ásdís Hoffritz, Berglind Björgvinsdóttir og Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir á vinnustofu Myndlistarfélagss Árnassýslu á Selfossi. Ljósmynd: Dagskráin/Helga Guðrún.

Málverkauppboð til styrktar Grindvíkingum

Myndlistarfélag Árnassýslu heldur uppboð til styrktar Grindvíkingum vegna jarðhræringanna á Reykjanesi. Uppboðið verður haldið á Hótel Selfossi, sunnudaginn þann 17. desember klukkan 14:00.

„Hann Pjetur Hafstein, félagsmaður í Myndlistarfélaginu fékk hugmynd um að halda sýningu til styrktar Grindvíkingum, sem okkur öllum þótti frábær hugmynd. Svo ræddi ég við Pjetur og við komumst að þeirri niðurstöðu að það væri skemmtilegt að halda uppboð þar sem verkin væru til sýnis og fólk gæti svo boðið í þau á staðnum. Það er svo fallegt og gott fyrir hjartað að láta gott af sér leiða og með uppboðinu erum við svo sannarlega að gera það. Bæði listamennirnir sem eru að taka þátt og þeir sem kaupa verk. Allur ágóði rennur óskiptur til Rauða Krossins á reikning sem er eyrnamerkur Grindvíkingum,“ segir Berglind Björgvinsdóttir, formaður myndlistarfélagss Árnassýslu í samtali við Dagskrána.



Allir leggjast á eitt

Berglind segir viðbrögð við uppboðinu hafa verið mjög góð. „Ég er afar stolt og þakklát þeim félagsmönnum sem eru að taka þátt. Að vinna í listinni er mikil vinna og það er svo ánægjulegt hvað margir í Myndlistarfélaginu vilja vera hjálpleg og gefa frá sér verk. Það sýnir hversu frábærir allir félagsmennirnir eru. Við-

brögð út á við hafa verið mjög góð, bæði frá fólki sem hefur áhuga á að koma á uppboðið og einnig frá Grindvíkingum.



Hluti verkanna sem boðin verða upp.

Þeir félagsmenn sem eru að taka þátt eru hæfileikaríkir, frábærir og stórkostlegir listamenn. Verkin eru öll mjög ólík og þau eru ýmist vatnslita, akrýl- eða olíumálverk.“

Tilvalið að versla jólagjafir fyrir þau sem eiga allt

Berglind segir þau vonast til þess að sem flestir mæti og leggi sitt af mörkum með kaupum á listaverkum til að styrkja

Grindvíkinga á þessum erfiðu tímum. „Margt smátt gerir eitt stórt, er það ekki þannig? Til að uppboðið heppnist verður fólk að

mæta og taka þátt í uppboðinu, jafnvel hægt að klára að versla jólagjafir fyrir þá sem eiga allt og á sama tíma styrkja mjög gott málefni. Ég hvet alla til þess að mæta sunnudaginn þann 17. desember klukkan 14:00 á Hótel Selfoss og vera með, það er aldrei að vita nema draumalistaverkið verði á uppboðinu og því er þetta tækifæri sem enginn vill missa af!“, segir Berglind að lokum.

HGL

Ökukennsla

Kristinn M. Bárðarson
S: 896-5798 / 777-5798

Beinskiptur / Sjálfskiptur bíll



HSH

Þríf og flutningar ehf
Breiðumýri 3 Selfossi
Hefur opnað þvottahús,

Þvottur- og leiga á líni-,
ræstingar, þríf og
flutningarþjónusta
Uppl. í síma 792-1727 eða
hshflutningar@gmail.com



FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert
kæling

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir



Stíflulosun
Rotþróahreinsun
Vélsópun
Lagnafóðrun

Hellismýri 9, 800 Selfoss
selfoss@hrt.is - Sími 892 2136
www.hrt.is



ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is



ÖKULAND

Meirapróf
Endurmenntun
Akstursþjálfun
okuland.is

VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980



Pípulagnir Júlla

Persónuleg þjónusta

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@btnet.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnarþjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



Vinnuvélanámskeið
á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is